

**SKOÐUN** Teitur Guðmundsson skrifar að karlar eigi að íhuga notkun dagkrems með sólarvörn. 13



**MENNING** Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelsson stjórna nýjum morgunþætti FM957. 30



**SPORT** Þórey Rósa Stefánsdóttir og Rut Jónsdóttir urðu Evrópumeistarar með Team Tvis Holstebro. 26







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Priðjudagur**
14. maí 2013
112. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**FRÉTTIR**



### Rothögg fyrir siglingar

Siglingasamband Íslands gagnrýnir fyrirhugaða göngu- og hjólabrú yfir Fossvog. Verði brúin reist geti starfsemi siglingafélaga lagst af. 2

**Forsetinn fagnar** Ólafur Ragnar Grímsson forseti fagnar 70 ára afmæli í dag og tíu ára brúðakaupsafmæli. 2

**Enn ósætti við Laugaveg** Nokkrir verslunarmenn eru uggandi vegna framkvæmda sem ráðast á í á sama tíma og Laugavegurinn verður lokaður fyrir bílaumferð. 6

**Hvetja til skordýraáts** Skordýraát getur dregið úr hungursneyð og mengun. 10




12

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 3° | NA | 8 |
| Akureyri | 3° | N | 6 |
| Egilsstaðir | 4° | N | 9 |
| Kirkjubæjarkl. | 8° | NA | 6 |
| Reykjavík | 8° | NA | 8 |

**Bjart S-til** Allhvasst A-lands í dag en annars hægari. Bjart S-til en skýjað að mestu N-til og lítilsháttа væta. Hiti 1-12 stig, hlýjast syðst. 4

### 2 SÉRBLÖÐ

Bílar | Fólk




# Helmingi færri vilja fara í kennaranám

Umsóknum í kennaranám hefur snarfækkað frá 2006. Aðeins 203 sóttu um skólavist í fyrra. Þá var 13 hafnað um skólavist en 156 árið 2003. Námið var lengt árið 2011 og nær nú á meistarastig. Launin ekki hækkað í samræmi við menntun.

**SKÓLAMÁL** Heildarfjöldi umsókna í kennaranám hefur hrunið um helming á sex árum. „Við viljum trúa því að botninum hafi verið náð,“ segir Anna Kristín Sigurðardóttir, deildarforseti kennaradeildar.

Árið 2012 sóttu 203 um einhverja af þremur námsleiðum grunnskólakennslu í kennaradeild Háskóla Íslands. Til samanburðar sóttu 419 manns um sams konar nám árið 2006. Aðeins 13 var hafnað um skólavist í fyrra en 156 árið 2003.

Farið var í undirbúningsvinnu við breytingar á náminu árið 2006 og var námsleiðum síðan breytt árið 2011 og grunnskólakennslan sundurliðuð sama ár. Nú er boðið upp á þrjár námsleiðir. Þá var námið einnig lengt um tvö ár og aðeins boðið upp á kennsluréttindi á meistarastigi. Fari fram sem horfir mun lítil endurnýjun eiga sér stað innan stéttarinnar.

Ólöf Rut Halldórsdóttir, kennaranemi og formaður nemendafélags kennaradeildarinnar, Kennó, segir það ekki hafa verið mistök að lengja námið. Þó hefðu laun þurft að hækka í samræmi við auknar námskröfur.

„Ég veit ekki alveg hvað veldur þessari gríðarlegu fækkun en mín ágiskun er sú að þetta sé vegna lengingar námsins og lélegra kjara. Það er ekki boðið upp á laun í samræmi við lengd námsins,“ segir Ólöf Rut.

Anna Kristín segir margar ástæður liggja að baki en launakjör spili þar stóran þátt.

„Hér áður fóru margir í kennaranám þar sem það var þverfaglegt en það fólk var ekki endilega að skila sér í starfið.“ Anna Kristín segist óttast litla nýliðun í einnig á meðal leikskólakennara. Umsóknum hafi þar einnig fækkað mjög. Í fyrra sóttu 63 um í deildina, til samanburðar sóttu 204 um árið 2006.

„Það sem er brýnast núna er að hækka launin í stéttinni. Það gefur augaleið að fólk velur sér síður langt nám fyrir léleg laun,“ segir Anna Kristín. - mlþ



ÓLÖF RUT HALLDÓRSDÓTTIR

> **Mín ágiskun er sú að þetta sé vegna lengingar námsins og lélegri kjara.**
>
> *Ólöf Rut Halldórsdóttir formaður Kennó*

Dúkka fyrir fyrirbura:

## Rannsaka staðgöngudúkku

**VIÐSKIPTI** Hafin verður fjöldaframleiðsla á sérhannaðari dúkku sem á að líkja eftir nærveru móður í sumar. Eyrún Eggertsdóttir á heiðurinn að hugmyndinni, sem hefur verið nokkur ár í vinnslu.

„Dúkkurnar eru aðallega hugsaðar fyrir nýbura og fyrirbura,“ segir Eyrún. Markmiðið með dúkkunni sé að skapa nálægðartilfinningu og koma jafnvægi á öndun og hjartslátt barna í hitakössum strax eftir fæðingu.



EYRÚN EGGERTSDÓTTIR

Landspítalinn fyrirhugar að gera prófanir á dúkkunni til að komast að því hvort hún kunni að auka lífslíkur og efla þroska fyrirbura. - óká / sjá síðu 4

Netverjar um Eurovision:

## Stefnan á nýtt met á Twitter

**EUROVISION** „Í undankeppninni var ég alveg tryllt en ég var aðallega að nota ummæli frá mömmu minni. Hún á það til að vera svolítið beitt,“ segir fjölmiðlakonan Margrét Erla Maack, ein ríflega 1.100 Íslendinga sem tístu um lokakeppni Eurovision á síðasta ári.



MARGRÉT ERLA MAACK

Alls sendu Íslendingar 7.400 tíst í fyrra undir merkinu #12stig sem var óopinbert merki Íslendinga sem vildu ræða Eurovision á Twitter. Stefnan er að tísta enn meira í ár og bæta Íslandsmetið í tísti.

Íslandsmetið í tísti var sett á hinum svokallað boladegi þegar rúmlega tvö þúsund manns tístu 18 þúsund sinnum. - fb / sjá síðu 30



**ALELDA** Báturinn Krummi varð alelda á skömmum tíma. Talið er að eldurinn hafi komið upp í vélarrúmi bátsins. MYND/GÆSLAN

Mannbjörg varð þegar báturinn Krummi varð alelda við Arnarstapa í gær

# Dásamleg tilfinning að bjarga lífi

**BJÖRGUN** „Þetta er bara dásamleg tilfinning. Þetta er mjög gott dagsverk, ég er ánægður með mín störf,“ segir Þorleifur Reynisson, sem bjargaði mannslífi í gær þegar báturinn Krummi brann við Arnarstapa á Snæfellsnesi.

Þorleifur var á handfæraveiðum um þrjú hundruð metrum frá bátnum þegar hann heyrði neyðarkall í talstöðinni.

Að sögn Þorleifs lagði ekki mikinn reyk frá bátnum í fyrstu og því taldi hann stöðuna ekki eins alvarlega og hún reyndist. „Ég ætlaði bara að láta hann fá slökkvitækin mín og byrjaði í að henda til hans spotta. Þá stóð hann frammi á stefni en þegar ég stóð uppi á körunum sá ég að dekkið var orðið alelda. Ég bakkaði þá bara að stefninu og hann hoppaði yfir til mín. Þegar við sigldum frá varð báturinn alelda á nokkrum mínútum.“



ÞORLEIFUR REYNISSON

Þorleifur segir manninum hafa verið brugðið. „Og manni er sjálfum brugðið. Það var algjört skítaveður og þetta var bara ekkert grín.“

Hann segir manninn hafa verið búinn að henda út björgunarbáti sem hann hefði getað farið í ef Þorleif hefði ekki borið að. Aðstæður voru allar mjög erfiðar og vont í sjóinn.

Þyrla Landhelgisgæslunnar sótti manninn og flutti á sjúkrahús. Hann var hugsanlega með snert af reykeitrun. - hó

> **Þetta er mjög gott dagsverk. Ég er að minnsta kosti ánægður með mín störf.**
>
> *Þorleifur Reynisson sjómaður.*









## SPURNING DAGSINS



Bjarni Siguróli, þarftu ekki að breyta nafninu þínu í Bjarni Annaróli?

**„Nei, ég mundi frekar vilja vera Bjarni Næstbesti."**

Bjarni Siguróli Jakobsson varð í öðru sæti í keppninni um Matreiðslumann Norðurlandanna í Svíþjóð á laugardag.

Afgreiðslustúlka í matvöruverslun á verði þegar greitt var með peningum:

# Neitaði að taka við gildum seðli

**VIÐSKIPTI** Afgreiðslustúlka í Krónunni við Bíldshöfða neitaði síðastliðinn laugardag að taka við þúsund króna seðli sem er í fullu gildi. Afgreiðslustúlkan kallaði á samstarfsmann og tilkynnti síðan viðskiptavininum að ekki væri hægt að taka við seðlinum þar sem á hann vantaði silfurlitaða málmþynnu. Aðspurð taldi afgreiðslustúlkan að um falsaðan seðil væri að ræða.

Um var að ræða gamlan þúsund króna seðil sem fyrst var settur í umferð 1984 og er enn í fullu gildi samkvæmt upplýsingum frá Seðlabankanum. Nýr og endurbættur seðill með nýjum öryggisatriðum var settur í umferð árið 2004.

„Fyrst eftir breytingarnar birtum við með skýrum hætti öryggisatriði beggja seðla en nú er látið nægja að undirstrika að öryggisatriðin gildi fyrir þennan nýja og breytta seðil. Það er mjög lítið eftir af gamla þúsund króna seðlinum í umferð," segir Stefán Jóhann Stefánsson, upplýsingafulltrúi Seðlabankans. - ibs




**BÁÐIR Í GILDI** Gamli og nýi seðillinn.

Morðrannsókn miðar vel:

# Játar hvorki né neitar sök

**LÖGREGLUMÁL** Maðurinn sem grunaður er um að hafa orðið manni að bana á Egilsstöðum í síðustu viku hefur hvorki játað né neitað sök.

Rannsóknardeild lögreglunnar á Eskifirði fer nú með rannsókn málsins, í samvinnu við lögregluna á Egilsstöðum og lögregluna á höfuðborgarsvæðinu. Í tilkynningu frá lögreglu segir að rannsókninni miði vel og rætt hafi verið við fjölda manns vegna hennar. - hó



**Í VALHÖLL** Þingflokkurinn kom saman í Valhöll í gær. Einar K. Guðfinnsson, Bjarni Benediktsson, Hanna Birna Kristjánsdóttir og Kristján Þór Júlíusson sátu í öndvegi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Formaður Sjálfstæðisflokksins skýrði frá stjórnarmyndun:

# Ný stjórn mynduð á næstu dögum

**STJÓRNMÁL Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins fundaði í gær um framvindu stjórnarmyndunarviðræðna flokksins við Framsóknarflokkinn. Bjarni Benediktsson, formaður flokksins, skýrði frá fundum sínum með Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni og sagðist bjartsýnn á að ný ríkisstjórn liti dagsins ljós á næstu dögum.**

**„Okkur hefur orðið mjög ágengt á þessari viku sem liðin er frá því að formlegar viðræður hófust," sagði Bjarni við fréttastofu Stöðvar tvö í gær. Hann segist farinn að sjá fyrir endann á samræðum um málefni en þá eigi eftir að ræða það sem hann kallar praktískari atriði.** - bþh

Framþróun á Kastrup:

# Smyglurum gert erfitt fyrir

**KAUPMANNAHÖFN** Nýtt gegnumlýsingartæki hefur verið tekið í gagnið á Kastrup-flugvelli í Kaupmannahöfn. Gegnumlýsingin tekur aðeins nokkrar sekúndur og sker úr um hvort grunaðir smyglarar beri fíkniefni innvortis.

Holger K. Nielsen, skattamálaráðherra í Danmörku, var viðstaddur þegar gegnumlýsing fór fram í fyrsta sinn og var að vonum ánægður með tækið. Hann segir það mikilvægt verkfæri í stríðinu gegn fíkniefnum, en svipuð eða eins tæki er að finna á flugvöllum bæði í Hollandi og í Bretlandi. - ósk

Ný Bjarnarflagsvirkjun:

# Meta gildandi umhverfismat

**VIRKJANIR** Landsvirkjun vinnur nú að mati á gildandi mati á umhverfisáhrifum vegna nýrrar Bjarnarflagsvirkjunar síðan árið 2004. Ný tækni og reynsla af rekstri jarðvarmavirkjana er höfð til hliðsjónar við skoðunina.

Undirbúningur nýrrar virkjunar hefur hins vegar staðið síðan 1992 og er nú á lokastigum. Ekki verður tekin ákvörðun um hvort sótt verður um virkjanaleyfi fyrr en nýrri úttekt á umhverfisáhrifum er lokið. - bþh

# Göngubrú rothögg fyrir siglingafélögin

Kópavogsbær ætlar að ræða við Siglingasamband Íslands um gagnrýni siglingafélaganna við Fossvog á fyrirhugaða göngu- og hjólabrú yfir voginn. Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri segir brúna í nýju aðalskipulagi sem kynna á fljótlega.

**SKIPULAGSMÁL** Göngu- og hjólabrú yfir Fossvog mun hafa þau áhrif að starfsemi siglingafélaganna í Fossvogi leggst af, að mati Siglingasambands Íslands. Sambandið hefur komið áhyggjum sínum áleiðis til bæjarstjórnar Kópavogs og segir í opinberu bréfi til bæjarins að fyrirhuguð brú yfir Fossvog verði „rothögg" fyrir starfsemi félaganna.



**ÁRMANN KR. ÓLAFSSON**

Í Fossvogi starfa tvö af öflugustu siglingafélögum landsins. Siglingafélag Reykjavíkur starfar í Nauthólsvík norðanmegin og Siglingafélagið Ýmir sunnanmegin á Kársnesi. Bæði félögin hafa þurft að aðlagast breytilegum aðstæðum í umhverfi sínu en bæði sveitarfélög hafa á undanförnum árum staðið að nokkurri uppbygginu á svæðinu.

Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri í Kópavogi, segir brúarferlið rétt að byrja og að bærinn muni ræða við fulltrúa Siglingasambandsins um hvaða möguleikar séu í stöðunni.

„Ég á von á því að sá fundur verði á næstunni," sagði Ármann.

Í lok febrúar var samþykkt greinargerð starfshóps á vegum Kópavogsbæjar, Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar um brú yfir Fossvog. Hugmyndin hefur síðan verið til umræðu í bæjarstjórn Kópavogs og í borgarstjórn.

Starfshópurinn mælti með því að brúin lægi frá vesturhluta Kársness í Kópavogi og tengdist landi handan Fossvogar við flugbrautarenda Reykjavíkurflugvallar. Siglingafélögin eru hins vegar ekki par sátt með áformin enda lenda starfstöðvar félaganna við voginn innan brúarinnar.

„Þessi hugmynd um göngu- og hjólabrú yfir Fossvoginn er inni í tillögu að nýju aðalskipulagi sem fer fljótlega í kynningu," segir Ármann. Hann segir ánægju ríkja um tillöguna. „Við höfum almennt fengið mjög góð viðbrögð við þessari tillögu um bætt hjóla- og göngutengsl milli sveitarfélaganna Reykjavíkur og Kópavogs."

gar@frettabladid.is
birgirh@frettabladid.is



**Á BYRJUNARSTIGI** Tillaga að brú yfir Fossvog er á frumstigi, segir bæjarstjóri Kópavogs. Hann vill ræða lausnir við Siglingasambandið. Hér má sjá hugmynd að brúnni frá Alark ehf.



**ÞVERA VOGINN** Brúin á að liggja frá enda flugbrautarinnar norðan megin og yfir á Kársnes.






Láttu draumagarðinn verða að veruleika

Pantaðu landslagsráðgjöf í dag!

Halla Hrund Pétursdóttir, landslagsarkitekt FILA, hjálpar þér við að skipuleggja draumagarðinn þinn.

4 400 400

Hafðu samband og láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig við að finna réttu lausnina.

STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir

Hringhellu 2, 221 Hafnarfjörður | Hrísmýri 8, 800 Selfoss | Malarhöfða 10, 110 Reykjavík | Bergholabraut 9, 230 Reykjanesbær | Sími 4 400 400, www.steypustodin.is


Forseti Íslands fagnar sjötugsafmæli og tinbrúðkaupsafmæli:

# Ólafur Ragnar sjötugur í dag

**FÓLK** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, er sjötíu ára í dag. Hann hefur þegar setið lengst allra á forsetastóli, í 6.130 daga. Ólafur Ragnar er jafnframt sá eini sem hefur hlotið kjör til embættisins fimm sinnum, en hann hóf sitt fimmta kjörtímabil síðastliðið sumar.

Ekki er nóg með að hann fagni stórafmæli í dag, þar sem tíu ár eru síðan hann gekk í hjónaband með Dorrit Moussaieff. Guðmundur Sophusson, sýslumaður í Hafnarfirði, gaf þau saman. Þau eiga því tinbrúðkaupsafmæli í dag.

Þrátt fyrir að vera þaulsetnasti forsetinn er Ólafur Ragnar ekki sá elsti í embætti. Ásgeir Ásgeirsson var 74 ára þegar hann lét af embætti árið 1968 eftir fjögur kjörtímabil. Þá var Sveinn Björnsson, fyrsti forseti Íslands, nærri 71 árs þegar hann lést í embætti árið 1952. - bþh



**Á BRÚÐKAUPSDAGINN** Guðmundur Sophusson gaf forsetahjónin saman á Bessastöðum fyrir réttum tíu árum. MYND/GUNNAR VIGFÚSSON

**6.130** daga hefur Ólafur Ragnar verið forseti. Það er tæplega fjórðungur af dögunum 25.568 sem hann hefur lifað.

Ertu að leita upplýsinga?
www.suzuki.is

SUZUKI
Way of Life!

# Vor og sumar á leiðinni




FOR SAFER CARS
EURO NCAP
www.euroncap.com
★★★★★

# Suzuki Swift

Verð frá 2.450 þús. Eyðsla frá 5,0L/100km (blönduðum akstri, beinskiptur) $CO^2$ 116g/km

Einn vinsælasti bíllinn á Íslandi undanfarin ár.
Með einstaklega sparneytinni 94 hestafla vél.
Býðst beinskiptur og sjálfskiptur og einnig með fjórhjóladrifi beinskiptur. Swiftinn hlaut 5 stjörnur í N-CAP öryggisprófuninni og kemur með ESP stöðugleikakerfi og 7 öryggisloftpúðum sem staðalbúnaði.



Vistvænn bíll
Græn skref í Reykjavík

## Velkomin í reynsluakstur

FYRIR SKYNSAMT FÓLK

SUZUKI

TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS

Hugtök Markaðsráðgjöf. maí 2013

Útlit er fyrir að draga þurfi úr álframleiðslu Fjarðaáls vegna tíðarfars á Austurlandi:

# Súrt epli sem Alcoa Fjarðaál verður að bíta í

**VIÐSKIPTI** Alcoa Fjarðaál neyðist til þess að draga úr álframleiðslu í júní nema veðurfar á Austurlandi verði sérlega hagstætt næstu vikurnar. Vegna tíðarfars er óvenju lítið vatn í Hálslóni og því er útlit fyrir að Kárahnjúkavirkjun framleiði ekki næga orku á næstunni til að þjónusta álverið.

„Þetta hefði þau áhrif á okkar starfsemi að við þyrftum að draga úr framleiðslu. Það er mikið mál en við myndum annaðhvort lækka hjá okkur straum, taka nokkur ker úr rekstri eða þá gera hvort tveggja,“ segir Magnús Þór Ásmundsson, forstjóri Alcoa á Íslandi.

Samkvæmt bréfi sem Landsvirkjun hefur sent Fjarðaáli lítur út fyrir að Landsvirkjun þurfi að skerða þá orku sem Fjarðaál fær um ríflega 10% tímabundið. Landsvirkjun þarf þó ekki að bæta Fjarðaáli orkutapið þar sem um er að ræða svokallaða ótrygga orku sem heimilt er að skerða samkvæmt orkusölusamningi fyrirtækjanna.

„Við þurfum því að bíta í þetta súra epli en við erum auðvitað í samskiptum við Landsvirkjun um málið og ætlumst til þess að allir vinni í þá átt að við fáum það rafmagn sem við höfum samið um,“ segir Magnús Þór.

Staða yfirborðs Hálslóns, sem miðlar Kárahnjúkavirkjun, og Þórisvatns, sem miðlar Vatnsfellsvirkjun, hefur ekki verið verri síðan árið 1999 þar sem vorleysinga er enn beðið. Vatnshæð Hálslóns hefur aldrei verið lægri. **- mþl**



**KÁRAHNJÚKAVIRKJUN** Vatnshæð Hálslóns hefur aldrei verið lægri en nú. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## GENGIÐ 13.05.2013

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 120,01 | 120,59 |
| Sterlingspund | 184,45 | 185,35 |
| Evra | 155,76 | 156,64 |
| Dönsk króna | 20,896 | 21,018 |
| Norsk króna | 20,662 | 20,784 |
| Sænsk króna | 18,184 | 18,290 |
| Japanskt jen | 1,181 | 1,188 |
| SDR | 179,79 | 180,87 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR** 212,8443



**LÖGREGLAN** Í íbúð mannsins fundust 30 grömm af amfetamíni í frystikistu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Veittu manni eftirför:

## Fundu gras og amfetamín

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Suðurnesjum hafði afskipti af ökumanni á fertugsaldri í fyrrinótt og stöðvaði vegna gruns um ölvunarakstur. Maðurinn var handtekinn og færður á lögreglustöð þar sem hann var sviptur ökuréttindum tímabundið.

Vegna háttarlags mannsins og annarra ábendinga vaknaði grunur lögreglu um fíkniefnamisferli og fékkst maðurinn í kjölfarið til að leyfa húsleit á heimili sínu. Í íbúðinni fundust þrjátíu grömm af amfetamíni sem voru kirfilega falin í tveimur krukkum inni í frystikistu. Einnig var ræktun í íbúðinni og töldu lögreglumenn um fimmtíu kannabisplöntur. **- mlþ**

### STJÓRNSÝSLA

**Vill í ótímabundið leyfi**

Eiríkur Finnur Greipsson, formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar, hefur sótt um að fá að fara í ótímabundið leyfi frá störfum. Hann gerir ekki ráð fyrir að snúa aftur til Ísafjarðar, en hann er að flytja til Reykjavíkur.

### LEIÐRÉTT

Tónleikar Erlu Bjargar Káradóttur og Hönnu Þóru Guðbrandsdóttur verða í dag klukkan 12.15 í Norðurljósasal Hörpu en voru ekki í gær eins og ranglega var sagt í Fréttablaðinu í gær.

Mótmæltu og stungu af:

## 40 geðsjúklinga leitað í Kenía

**KENÍA** Fjörutíu sjúklingar sluppu út af geðspítala í Naíróbí í Kenía á sunnudag.

Sjúklingarnir yfirbuguðu verði á spítalanum að sögn yfirvalda og komust þannig burt. Sumir þeirra eru sagðir hættulegir og er þeirra allra leitað.

Að sögn lögreglu höfðu sjúklingarnir haldið mótmæli áður en þeir stungu af. Fjölmiðlar segja sjúklingana hafa haldið því fram að lyfin sem þeim væru gefin virkuðu ekki.

Spítalinn heitir Mathari og er sá stærsti sinnar tegundar í landinu. Árið 2011 komst spítalinn í fréttir eftir að bandaríska fréttastofan CNN sýndi heimildarmynd um ætluð mannréttindabrot þar. **- þeb**

Stjórnvöld í Bangladess:

## Leyfa frjáls verkalýðsfélög

**BANGLADESS, AP** Stjórnvöld í Bangladess hafa ákveðið að leyfa starfsfólki í fataverksmiðjum að mynda verkalýðsfélög án aðkomu eigenda verksmiðjanna. Lágmarkslaun verða einnig hækkuð.

Breytingarnar eru viðbrögð stjórnvalda við hruni verksmiðjubyggingar fyrir tæpum þremur vikum. Slysið beindi athygli heimsins að bágum kjörum fólks í landinu.

Einnig var sagt frá því í gær að leit að líkum í rústum byggingarinnar hefði verið hætt. 1.127 manns létu lífið í slysinu. Síðasta líkið fannst á sunnudagskvöld og í dag verður haldin minningarathöfn til að heiðra fórnarlömbin. **- þeb**

# Dúkka sem getur hjálpað fyrirburum

Landspítalinn hyggur á rannsókn á áhrifum dúkku sem líkir eftir nærveru móður á líðan og þroska fyrirbura. Framleiðsla og almenn sala á dúkkunum hefst í sumar.



**LÚLLA** Fjöldaframleiðsla á Lúllu hefst í sumar. Nærvera er sögð hafa góð áhrif á þroska og líðan barna, en dúkkan líkir eftir hjartslætti og andardrætti sofandi móður. MYND/RÓRÓ

**VIÐSKIPTI** Fjöldaframleiðsla á Lúllu, dúkku sem líkir eftir nærveru annarrar manneskju, hefst í sumar. Inni í dúkkunni er tæki sem líkir eftir hjartslætti og andardrætti sofandi móður.

Eyrún Eggertsdóttir, frumkvöðullinn að baki dúkkunum, segir standa til að selja þær á almennum markaði en að auki eru fyrirhugaðar tilraunir á Landspítalanum til að meta hvort dúkkan kunni að auka lífslíkur og efla þroska fyrirbura.

„Við byrjum á því að láta framleiða 500 til 1.000 stykki,“ segir Eyrún. Fyrsta kastið verða dúkkurnar seldar í völdum verslunum hér heima og í netverslun Amazon.

„Dúkkurnar eru aðallega hugsaðar fyrir nýbura og fyrirbura,“ segir hún, en hugmyndin var að búa til dúkku sem gæti verið nokkurs konar staðgengill foreldris hjá fyrirburum sem þarf að vera í hitakassa. „Markmiðið með nálægðartilfinningunni er að koma jafnvægi á öndun og hjartslátt hjá börnunum, en þar eru nýburar og fyrirburar helst viðkvæmir fyrir.“ Eyrún margt unnið með því að koma betra jafnvægi á líðan og líkamsstarfsemi nýburanna. „Svefninn verður betri og heilbrigðari og taugaþroski eykst. Í þessu leiðir eitt af öðru, jákvæðari tilfinningar og minni grátur verða til þess að þau þyngjast hraðar og þroskast fyrr.“

Eyrún segist strax í upphafi hafa borið hugmynd sína undir lækna og hjúkrunarfræðinga til að tryggja að hún væri ekki á villigötum og fengið góðar viðtökur. Sjálf hafði hún stundað nám í sálfræði og heillast af lýsingum á áhrifum nærveru á þroska barna.

Hugmyndin varð hins vegar til eftir að vinkona Eyrúnar eignaðist fyrirbura sem lenti í öndunarhléi á spítalanum. „Það fór allt vel en ég man eftir að hafa hugsað með mér að kannski hefði þetta ekki gerst ef það hefði verið aðstaða fyrir móðurina hjá barninu á spítalanum. Þá datt mér hug hvað væri frábært ef eitthvað væri til sem maður gæti skilið eftir sem væri eins og lítill staðgengill fyrir mann á sjúkrahúsinu.“

Í beinu framhaldi skráði Eyrún sig í hugmyndasamkeppni á vegum Hugmyndahúss háskólanna og í kjölfarið fór boltinn að rúlla þegar hún fékk þar hvatningarverðlaun árið 2010. olikr@frettabladid.is



**EYRÚN EGGERTSDÓTTIR** Fer fyrir sprotafyrirtækinu Róró, sem hlaut Gulleggið árið 2011. MYND/RÓRÓ

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**SVALT N-TIL** næstu daga og skýjað að mestu. Dálítil væta N- og A-til en annars þurrt að mestu. Mildara S-til á landinu og bjartara yfir. Hiti 2-10 stig yfir daginn.




**Á morgun**
Víða 3-8 m/s, hvassara austast.




**Fimmtudagur**
5-12 m/s hvassast austast

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 22° | Billund | 11° | Gautaborg | 11° | London | 11° | Orlando | 27° | San Francisco | 21° |
| Basel | 21° | Frankfurt | 18° | Kaupmannahöfn | 11° | Mallorca | 25° | Ósló | 12° | Stokkhólmur | 12° |
| Berlín | 19° | Friedrichshafen | 21° | Las Palmas | 23° | New York | 17° | París | 15° | | |

**Snjólaug Ólafsdóttir**
veðurfréttamaður






**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is,* Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is,* Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*



## Audi A6 4,2 quattro
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 80.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð:**
**4.490.000,-**

# MIKIÐ ÚRVAL AF GÆÐABÍLUM Á GÓÐU VERÐI



**Audi Q7** 4,2 V8
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 101.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð:**
**4.790.000,-**



**Audi A4** Avant 2,0TDi
Árgerð 2011, dísil
Ekinn 38.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð:**
**5.490.000,-**



**Audi A6** 2,0TFSI
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 61.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð:**
**4.390.000,-**



**Audi A4** 2,0TDi
Árgerð 2011, dísil
Ekinn 33.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð:**
**5.450.000,-**



**VW Polo** Comfort 1,4 AT
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 20.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð:**
**2.700.000,-**



**VW Golf** Trendl. 1,6TDi
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 29.000 km, beinskiptur
**Ásett verð:**
**3.050.000,-**



**VW Tiguan** Track&Sport
TDi, Árgerð 2012, dísil
Ekinn 30.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð:**
**5.890.000,-**



**VW Jetta** Comfortl 1.6
Árgerð 2008, bensín
Ekinn 82.000 km, beinskiptur
**Ásett verð:**
**1.990.000,-**



**Skoda Superb** Combi
Árgerð 2011, dísil
Ekinn 130.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð:**
**4.290.000,-**



**Skoda Octavia** 1,6
Árgerð 2004, bensín
Ekinn 128.000 km, beinskiptur
**Ásett verð:**
**790.000,-**



**Skoda Fabia** 1,2 Classic
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 29.000 km, beinskiptur
**Ásett verð:**
**1.890.000,-**



**Skoda Fabia** Combi
Árgerð 2009, bensín
Ekinn 57.000 km, beinskiptur
**Ásett verð:**
**1.790.000,-**



**Mitsubishi** ASX
Árgerð 2011, dísil
Ekinn 21.500 km, beinskiptur
**Ásett verð:**
**4.150.000,-**



**MM Pajero** 3,2 Instyle
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 27.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð:**
**9.390.000,-**



**MM Colt** Rally Art
Árgerð 2010, bensín
Ekinn 23.000 km, beinskiptur
**Ásett verð:**
**2.050.000,-**



**MM Outlander** 2,4 AT
Árgerð 2008, bensín
Ekinn 133.500 km, sjálfskiptur
**Ásett verð:**
**2.450.000,-**

HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR**

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

**Kíkið inná:**
**heklanotadirbilar.is**

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvaða nýbreytni hefur verið tekin upp í mæðraskoðun?
**2.** Hvae mörg ríki taka þátt í heræfingum á Persaflóa næstu vikur?
**3.** Hvar kanna bandarískir leiðsögumenn aðstæður til skíðaferðaþjónustu?

**SVÖR**

**1.** Skimun fyrir heimilisofbeldi. **2.** Fjörutíu og eitt. **3.** Í Fljótum á Tröllaskaga.

Ingvar Vilhjálmsson græddi 498 milljónir á gjaldmiðlasamningum en borgaði ekki skatt af tekjunum:

# Kaupþingstoppur ákærður fyrir skattsvik

**DÓMSMÁL** Sérstakur saksóknari hefur gefið út ákæru á hendur einum æðsta yfirmanni gamla Kaupþings fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum.

Ingvar Vilhjálmsson var framkvæmdastjóri markaðsviðskipta hjá Kaupþingi fyrir hrun. Samkvæmt ákæru á hendur honum, sem gefin var út 26. apríl, lét hann árið 2008 undir höfuð leggjast að telja fram rúmlega 498 milljóna króna hagnað af tólf framvirkum gjaldmiðlasamningum sem hann gerði við þáverandi vinnuveitanda sinn, Kaupþing.

Af slíkum tekjum ber að greiða fjármagnstekjuskatt, sem er tíu prósent, og því kom hann sér með þessu undan greiðslu rétt tæplega 50 milljóna í skatt. Verði hann fundinn sekur má hann búast við að þurfa að greiða skattinn og aðra eins upphæð í sekt. Ákæran verður þingfest á fimmtudag.

Ingvar hefur áður verið fyrir dómstólum. Í nóvember var hann dæmdur til að endurgreiða 2,6 milljarða króna sem hann hafði fengið að láni til að kaupa hlutabréf í bankanum. Hann flutti skuldirnar í einkahlutafélag daginn fyrir setningu neyðarlaganna í október 2008 en þeim flutningi var rift. - sh



**ÓLAFUR ÞÓR HAUKSSON** Sérstakur saksóknari hefur gefið út nokkrar ákærur vegna vanframtalins hagnaðar af framvirkum gjaldmiðlasamningum.

**INGVAR VILHJÁLMSSON**

Í bransanum í hálfa öld:

## Barbara Walters segir skilið við sjónvarp

**BANDARÍKIN** Barbara Walters, fyrsta kvenkyns fréttaþula Bandaríkjanna, hefur tilkynnt ABC-sjónvarpsstöðinni að hún muni láta af störfum um þetta leyti á næsta ári. New York Times greinir frá þessu. Walters hefur gríðarlega reynslu af fjölmiðlum, en hún hefur starfað við sjónvarp í hálfa öld. Walters, sem er 83 ára gömul, segir aldurinn ekki ástæðu uppsagnarinnar, heldur vilji hún heldur nota tímann til að ferðast og skemmta sér. Walters hefur meðal annars hlotið 12 Emmy-verðlaun fyrir fréttaflutning sinn ásamt fjölda annarra verðlauna og viðurkenninga. - ósk



**BARBARA WALTERS**

Hæstiréttur í Hong Kong:

## Transkona má giftast kærasta

**HONG KONG** Transkona í Hong Kong má giftast kærasta sínum. Hæstiréttur hefur komist að því að lög sem banna það brjóti í bága við stjórnarskrána.

Parinu hafði áður verið meinað að ganga í hjónaband, þar sem konan var skráð sem karlkyns á fæðingarvottorði sínu. Ekki má breyta fæðingarvottorðum samkvæmt lögum. Stjórnvöld héldu því fram að hjónabandið myndi teljast milli tveggja einstaklinga af sama kyni, sem er bannað samkvæmt lögum í Hong Kong. Þessu var hæstiréttur ósammála. - þeb

Ölvaður gisti fangageymslu:

## Barði bíl með steikarpönnu

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglunni á Suðurnesjum barst tilkynning aðfaranótt sunnudags um að maður væri að vinna skemmdarverk á bifreið fyrir utan skemmtistað í umdæminu. Þegar lögreglu bar að kom einnig í ljós að rúða hafði verið brotin á skemmtistaðnum og á veitingahúsi í næsta húsi.

Dyraverðir skemmtistaðarins höfðu þá lagt hald á ölvaðan mann, sem þeir töldu hafa framið verknaðinn. Maðurinn var mjög ölvaður. Hann játaði að hafa barið bílinn með pönnu en neitaði að hafa brotið rúðurnar. Hann var handtekinn og færður á lögreglustöð, þar sem hann var vistaður í fangageymslu. - ósk

Þróunarsjóður námsgagna:

## 144 umsóknir bárust í sjóðinn

**MENNTUN** Úthlutun úr Þróunarsjóði námsgagna fyrir árið 2013 hefur farið fram. Sjóðnum bárust alls 144 umsóknir og samanlagt námu fjárbeiðnir tæplega 190 milljónum króna. Sjóðurinn hafði til ráðstöfunar 43 milljónir króna.

Alls voru 35 verkefni styrkt, þar af 17 verkefni sem hlutu hámarksstyrk upp á 1,5 milljónir. Forlagið ehf. hlaut styrki til flestra verkefna í ár, en þau eru þrjú talsins.

Þróunarsjóður námsgagna hefur það hlutverk að stuðla að nýsköpun, þróun, gerð og útgáfu námsgagna fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla með það að markmiði að tryggja framboð og fjölbreytileika námsgagna í samræmi við þarfir nemenda og skóla. - ósk

# Enn ósætti um lokun á Laugavegi í sumar

**Til stendur að loka Laugaveginum part úr sumri. Nokkrir verslunarmenn eru uggandi vegna framkvæmda sem ráðist verður í á sama tíma. Óþarfar áhyggjur segir upplýsingafulltrúi borgarinnar. Haldinn verður íbúafundur um málið á morgun.**

**VERSLUN** „Okkur þykir þetta óþolandi," segir Björn Jón Bragason, formaður samtaka kaupmanna og fasteignaeigenda við Laugaveg.

Í sumar verður unnið að endurbótum á Hverfisgötu, Frakkastíg og Klapparstíg. Hjólastígar verða lagðir, gangstéttir endurnýjaðar og hitalögnum komið fyrir. Einnig er fyrirhugað að loka bílaumferð um hluta Laugavegs og Skólavörðustígs líkt og síðustu tvö ár.

„Undanfarin ár höfum við lýst yfir mikilli andstöðu við þessar lokanir og nú á að ráðast í viðamiklar framkvæmdir á sama tíma. Við erum að horfa fram á mikið tjón og talsvert tap í rekstri verslana á svæðinu. Svo mótmælum við einnig skorti á samráði. Það tíðkaðist að hafa kaupmenn með í ráðum með allt að árs fyrirvara. Núverandi borgaryfirvöld hafa hins vegar ekki staðið sig í að kynna hvernig framkvæmdatíma verður háttað," segir Björn Jón.

Jón Halldór Jónasson, upplýsingafulltrúi borgarinnar, gefur lítið fyrir þessi orð Björns Jóns. Hann segir að töluvert samráð sé á milli borgarinnar og hagsmunaaðila, það komi honum þó lítið á óvart að samtök Björns Jóns setji sig á móti fyrirhuguðum lokunum, slíkt sé orðið árlegt. „Við höfum átt fín samskipti við samtökin Miðborgin okkar, sem eru mun stærri hagsmunaaðili. Svo er fyrirhugaður kynningarfundur á morgun í Tjarnarbíói þar sem allir geta komið og rætt saman og kynnt sér málin," segir Jón Halldór. Hann segir jafnframt að áhersla verði lögð á að hafa opið fyrir umferð gangandi og hjólandi allan framkvæmdatímann.

„Það verða greiðar gönguleiðir og einnig stefnum við að því að hafa opið fyrir bílaumferð til hádegis, fyrir þá sem það þurfa. Þannig reynum við að koma til móts við þarfir allra. Það hefur ríkt almenn ánægja með sumargöturnar og framtakið mælst vel fyrir hjá flestum," segir Jón Halldór.

Spurður hvort ekki ríki almenn ánægja á meðal íbúa segir Björn Jón svo ekki vera. „Það eru þessi íbúasamtök en ég gef ekki mikið fyrir þau og veit ekki til þess að þau séu í neinni sérstakri virkni. Sjálfur þekki ég íbúa sem eru ekki sáttir við þetta. Það gefur augaleið að bílaumferð er beint inn um þröngar íbúagötur og fólk er ekki sátt með slíkt," segir Björn Jón.

maria@frettabladid.is



**Á LAUGAVEGI** Ekki eru allir sáttir með framkvæmdir og lokun fyrir bílaumferð um Laugaveg. Boðað hefur verið til opins fundar í Tjarnarbíói á morgun miðvikudag klukkan 17.15. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**BJÖRN JÓN BRAGASON**


ED DU MED DÍBBLAD NEB?



ÁN ROTVARNAREFNA

Þarftu að losa um stífluna?

Notaðu **Nezeril** og andaðu léttar.

**Nezeril** 0,1 mg/ml, 0,25 mg/ml og 0,5 mg/ml nefúði, lausn. 1 ml inniheldur: Oximetazolinhýdróklóríð 0,1 mg, 0,25 mg eða 0,5 mg. **Notkun**: Nezeril er notað gegn einkennum eins og nefrennsli, bólgum í nefslímhúð og nefstíflu vegna kvefs eða skútabólgu (sinusitis), eða sem stuðningsmeðferð við miðeyrnabólgu og ofnæmisbólgum í nefi. Ekki skal nota Nezeril ef þekkt er ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefni þess. **Skömmtun**: Börn frá 7 mánaða - 0,1 mg/ml, 2 úðar í hvora nös 2-3 sinnum á sólarhring. 2 úðar í hvora nös 2-3 sinnum á sólarhring. Börn frá 2 ára – 0,25 mg/ml, 1 úði í hvora nös 2-3 sinnum á sólarhring. Börn frá 7 ára – 0,25 mg/ml, 2 úðar í hvora nös 2-3 sinnum á sólarhring. Fullorðnir og börn frá 10 ára – 0,5 mg/ml: 2 úðar í hvora nös 2-3 sinnum á sólarhring. Nezeril má mest nota í 10 daga samfleytt. **Varnaðarorð**: Segið lækni frá því ef einhverjir aðrir sjúkdómar eru til staðar, sérstaklega hjartasjúkdómar, ofstarfsemi skjaldkirtils eða gláka (þrönghornsgláka), áður en byrjað er að nota Nezeril. Lesið vandlega leiðbeiningar um notkun lyfsins í fylgiseðli. **Fulltrúi markaðsleyfishafa**: GlaxoSmithKline ehf. Þverholti 14, 105 Reykjavík, Ísland, Sími 530 3700. **Tilkynning um aukaverkanir**: Aukaverkanir má tilkynna á vef Lyfjastofnunar: www.lyfjastofnun.is/Aukaverkanir/tilkynna eða til GlaxoSmithKline í síma 530 3700.

DYNAMO REYKJAVÍK

# TAKTU SKREFIÐ



## SKAPAÐU ÞÍNA EIGIN FRAMTÍÐ

### NÁMSBRAUTIR Á HAUSTMISSERI

## KYNNINGARFUNDUR 15. MAÍ AÐ DUNHAGA 7

Námsbrautir kynntar klukkan 17:00

**Viðurkenndur bókari**

Einnig í fjarnámi **Nám til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja og skipasala**

**Fjölskyldumeðferð – nám á meistarastigi**

Námsbrautir kynntar klukkan 17:30

Einnig í fjarnámi **Leiðsögunám á háskólastigi**

**Hugræn atferlismeðferð - nám í undirstöðuatriðum**

**Hugræn atferlismeðferð:  eins árs þverfaglegt, hagnýtt nám**

**Sérnám í hugrænni atferlismeðferð: tveggja ára nám fyrir sálfræðinga og geðlækna**

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Námsráðgjöf og upplýsingar: sími 525 4444
endurmenntun.is

Kauptu sparneytnari bíl á góðu verði

NOTAÐIR bílar á sumarsölu í dag



**Subaru Legacy (MGT05)**
2,0i 150 hö bensín sjálfsk.
Skráður 8/'08. Ek.90.000 km.
Verð: 2.590.000 kr.
Afsláttur: 300.000 kr.
**Sumartilboð: 2.290.000 kr.**



**Renault Scenic (IIH43)**
1,6i 111 hö bensín beinsk.
Skráður 7/'09. Ek. 81.000 km.
Verð: 1.950.000 kr.
Afsláttur: 360.000 kr.
**Sumartilboð: 1.590.000 kr.**



**Ford Escape Limited (JLJ27)**
3,0i 200 hö bensín sjálfsk.
Skráður 3/'08. Ek. 90.000 km.
Verð: 2.990.000 kr.
Afsláttur: 500.000 kr.
**Sumartilboð: 2.490.000 kr.**



**Volvo V60 R-Design (UHG78)**
2,0 D3 163 hö dísil beinsk.
Skráður 9/'11. Ek. 19.000 km.
Verð: 6.090.000 kr.
Afsláttur: 200.000 kr.
**Sumartilboð: 5.890.000 kr.**



**Ford Fiesta Trend (LNR35)**
1,4i 96 hö bensín sjálfsk.
Skráður 5/'11. Ek. 57.000 km.
Verð: 2.055.000 kr.
Afsláttur: 165.000 kr.
**Sumartilboð: 1.890.000 kr.**



**Suzuki Grand Vitara Lux. (UOS60)**
2,7i 187 hö bensín sjálfsk.
Skráður 11/'07. Ek. 61.000 km.
Verð: 2.790.000 kr.
Afsláttur: 250.000 kr.
**Sumartilboð: 2.540.000 kr.**

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ
*FINNDU SUMARBÍLINN ÞINN*

notadir.brimborg.is

*Söludeildir Brimborgar eru opnar virka daga frá kl. 9-17 og frá kl. 12-16 á laugardögum*

LYKILL
Býður allt að 75% fjármögnun
www.lykill.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

UNICEF á Íslandi hlýtur fjölmiðlaverðlaun landsnefnda UNICEF:

# Hvergi safnaðist meira en á Íslandi

**SAMFÉLAGSMÁL** UNICEF á Íslandi hlaut í síðustu viku fjölmiðlaverðlaun landsnefnda UNICEF. Verðlaunin voru veitt fyrir kynningarátak samtakanna á Íslandi til að vekja athygli á hættuástandi sem hafði myndast í átta ríkjum á Sahel-svæðinu í Vestur-Afríku.

Eitt ár er nú liðið frá því að hjálparsamtök um allan heim tóku höndum saman til þess að vekja athygli á bágri stöðu barna á Sahel-svæðinu og neyðarsöfnun var hrint af stað. Uppskerubrestur og þurrkar höfðu orðið til þess að matur var af skornum skammti og því ákváðu hjálparsamtökin að grípa inn í áður en algjör hungursneyð yrði.

Almenningur á Íslandi og íslenskir fjölmiðlar tóku afar vel við sér. Neyðarsöfnuninni var hrundið af stað á sama tíma um allan heim en hvergi safnaðist hlutfallslega meira en á Íslandi.

UNICEF gat í fyrra meðhöndlað yfir 850.000 börn með alvarlega bráðavannæringu samkvæmt Sigríði Víðis Jónsdóttur, upplýsingafulltrúa UNICEF á Íslandi. - ósk



**Á SAHEL-SVÆÐINU Í AFRÍKU** Hlutfallslega safnaðist mest í neyðarsöfnuninni á Íslandi. MYND/UNICEF

Landeigendur segja ástandið við helstu ferðamannastaðina óviðunandi:

# Gjaldtaka í Mývatnssveit 2014

**NÁTTÚRUVERND** „Við þetta verður ekki unað lengur. Ástandið hefur lengi verið hræðilegt og er því miður komið á hættustig.“

Þetta segir Ólafur H. Jónsson, formaður Landeigenda Reykjahlíðar ehf. sem hefur ákveðið að hefja gjaldtöku á helstu ferðamannastöðum á landareigninni á næsta ári; við svæðið vestan Dettifoss, Leirhnjúkssvæðið og hverina austan Námafjalls.

„Í raun og veru ættum við að loka svæðinu við hverina. Það er stórhættulegt, bara leðja og drulla. Við getum ekki haldið svona áfram. Það þarf göngupalla, útsýnispalla og salerni. Það eru hvorki salerni við hverina, bílastæði við Dettifoss né hér í Reykjahlíð. Að byggja upp aðstöðu bara við hverina myndi kosta um 100 milljónir varlega áætlað en við höfum ekki efni á því að leggja fram 50 prósent á móti því sem kemur úr sjóðum,“ segir Ólafur.

Hann segir Landeigendur Reykjahlíðar ehf. vonast til að aðrir aðilar í Mývatnssveit verði í samstarfi með þeim. „En við höfum ekki tíma til að bíða eftir því hvað aðrir gera.“

Að sögn Ólafs koma um 300 þúsund ferðamenn til Mývatns á hverju ári og umferðin er því mikil.



**VIÐ NÁMAFJALL** Útlendingar eru sagðir vilja borga náttúruverndargjald. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Útlendingar vilja borga til þess að ferðamannastaðir eyðileggist ekki.“

Ólafur tekur fram að ákvörðun um náttúruverndargjaldið verði tekin með góðum fyrirvara þannig að ferðaþjónustan hafi aðlögunartíma. - ibs

**Aðalfundur**
**Hagsmunasamtaka heimilanna**

Afnemum verðtrygginguna og krefjumst leiðréttinga á stökkbreyttum lánum heimilanna!

Hagsmunasamtök heimilanna halda aðalfund sinn, miðvikudaginn 15. maí 2013 kl. 20:00 í sal Stýrimannaskólans við Háteigsveg. Allar nánari upplýsingar á www.heimilin.is

Allir velkomnir!

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS




## Stórtónleikar með Söngvaskáldunum & Sinfó

### Allar skærustu stjörnurnar syngja uppáhaldslögin í Hörpu 30. maí

Á sannkölluðum stórtónleikum flytur Sinfóníuhljómsveit Íslands og stórskotalið söngvara mörg þekktustu lög íslenskar tónlistarsögu. Má þar nefna lög eins og Stingum af, Horfðu til himins, Tvær stjörnur, Don't try to fool me, Vetrarsól og margar fleiri perlur. Tónleikarnir eru haldnir í samvinnu við Félag tónskálda og textahöfunda, FTT, sem fagnar 30 ára afmæli á þessu ári.

Ekki missa af frábærum söngvurum syngja lög okkar ástsælustu höfunda með Sinfóníuhljómsveit Íslands, hrynsveit og bakröddum.

Flytjendur eru Ragnar Bjarnason, Lay Low, Eyþór Ingi, Arnór Dan, Birgitta Haukdal, Jónas Sigurðsson, Sigríður Thorlacius, Páll Óskar, Mugison, Magga Stína, Helgi Björns, Egill Ólafsson, Björgvin Halldórsson, Jóhann Helgason, Jón Jónsson, Svavar Knútur, Ellen Kristjánsdóttir, Daníel Ágúst, Björn Jörundur, Andrea Gylfadóttir, Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson, Ragnheiður Gröndal, Valdimar Guðmundsson og Dísella Lárusdóttir.

**Tryggðu þér miða á sinfonia.is og harpa.is**

Miðasala » www.sinfonia.is » www.harpa.is » Miðasala í anddyri Hörpu » Sími: 528 5050 » Opið 10-18 virka daga og 12-18 um helgar

# Hvetja fólk til að borða fleiri skordýr

Skordýraát getur dregið úr hungursneyð og mengun og bætt næringu jarðarbúa. Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna vill að matvælaiðnaður geri skordýraát að ákjósanlegri kosti, enda eru þau næringarrík og umhverfisvæn.

**ÍTALÍA, AP** Ef fleiri jarðarbúar borðuðu skordýr myndi draga úr hungri og mengun auk þess sem næring fólks yrði betri. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna sem kom út í gær.

Um tveir milljarðar manna borða nú þegar skordýr í einhverjum mæli, að því er fram kemur í skýrslunni. Samt sem áður eru þau vannýtt auðlind í fæðu bæði manna og dýra.

Skordýr eru „einstaklega dugleg“ við að umbreyta fæðu sinni í kjöt sem hentar til átu. Að meðaltali geta þau breytt tveimur kílóum af fæðu í eitt kíló af kjöti. Til samanburðar þurfa nautgripir um átta kíló af fæðu. Þá losa flest skordýr minna af skaðlegum gróðurhúsalofttegundum út í andrúmsloftið auk þess sem þau nærast á ýmiss konar úrgangi.

Ræktun á skordýrum er ein margra leiða sem hægt væri að fara til að auka fæðuöryggi, segir í skýrslunni. „Skordýr eru alls staðar og þau fjölga sér hratt. Þau hafa hágæðaprótín og næringarefni í samanburði við kjöt og fisk og eru sérstaklega mikilvæg sem bætiefni fyrir vannærð börn.“ Að auki geta skordýr innihaldið meðal annars kopar, járn, magnesín, fosfór og sink. Þau eru líka trefjarík.

Höfundar skýrslunnar virðast vera meðvitaðir um að mörgum, ekki síst fólki á Vesturlöndum, þyki heldur ógeðfellt að borða skordýr. Skýrsluhöfundar vilja að matvælaiðnaðurinn hjálpi til við að gera skordýr að fýsilegri kosti með því að hafa þau í uppskriftum og bæta þeim við matseðla á veitingastöðum.

thorunn@frettabladid.is




**STEIKTAR ENGISPRETTUR** Skordýr þykja herramannsmatur sums staðar.
NORDICPHOTOS/GETTY

## Næringargildi í 100 grömmum

| Fæða | prótín | járn |
|---|---|---|
| Fiðrildislirfa | 28,2 | 35,5 |
| Bjalla | 17,2 | 7,7 |
| Nautahakk | 27,4 | 3,5 |

*Háskólinn í Montana*









ÞAÐ ER KOMIÐ
**SUMAR**

# SÆLUREITURINN ER KOMINN!

**FLETTU BLAÐINU, SKOÐAÐU ÚRVALIÐ OG FÁÐU FULLT AF HUGMYNDUM FYRIR ÞINN SÆLUREIT!**

Þú finnur ávísunina þína á bakhlið Sælureitsins




**MUNDU AÐ NÝTA ÞÉR**
**3.000 KRÓNA**
**ÁVÍSUNINA, ÞEGAR KEYPT ER FYRIR 10.000 KR EÐA MEIRA, FYRIR 26. MAÍ.**

**HÚSASMIÐJAN**
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

# SKOÐUN

Sláandi tölur um heimilisofbeldi:

## Ofbeldi gegn ófæddum börnum

Mæðradagurinn var á sunnudaginn með tilheyrandi yfirlýsingum á Facebook um hversu dásamlegar mæður fólk ætti almennt. Svo rammt kvað að fullyrðingunum um stórkostleika mæðranna að einhver benti á að það mætti ætla að það eitt að verða móðir gerði konur að dýrlingum. Mamma er best og allir elska mömmur var boðskapur dagsins.

Það var því heldur óþyrmilegt að vera hent aftur inn í veruleikann með forsíðufrétt Fréttablaðsins á mánudaginn: Ein af hverjum fimm barnshafandi konum verður fyrir ofbeldi af hálfu maka á meðgöngunni. Bláköld staðreynd sem erfitt er að koma heim og saman við upphafninguna á móðurhlutverkinu. Það sem er þó enn meira sláandi er að það virðist af einhverjum ástæðum ógna mökum kvennanna að þær séu að verða mæður því þrjátíu prósent af þeim konum sem viðurkenna að búa við heimilisofbeldi hafa upplýst að ofbeldið hafi byrjað á meðan þær voru barnshafandi.



Friðrika Benónýsdóttir

fridrikab@frettabladid.is

Í fréttinni kemur fram að ýmis úrræði standi konunum til boða eftir að ofbeldið hefst en athygli vekur að ekki er minnst einu orði á úrræði til að koma í veg fyrir ofbeldið eða hvort ofbeldismennirnir séu látnir svara til saka á einhvern hátt. Það er eins og ofbeldið sé einkamál kvennanna og það sé alfarið á þeirra ábyrgð að losa sig út úr því, makinn komi ekkert við sögu og beri enga ábyrgð. Er þjóðfélagið virkilega svo gegnsýrt af þeirri hugsun að ofbeldi gegn konum sé „eðlilegt“ að ekki þyki ástæða til að grípa til aðgerða þótt upplýst sé að menn misþyrmi barnshafandi konum sínum og þá auðvitað ófæddu barni sínu um leið?

Kona sem orðin er barnshafandi er væntanlega í langflestum tilfellum fullorðinn sjálfráða einstaklingur og því lítið sem hægt er að gera neiti hún að kæra manninn. Hins vegar leiða ýmsar rannsóknir í ljós að ofbeldið hefur varanleg áhrif á barnið sem hún gengur með og því vaknar sú spurning hvort ekki sé hægt að grípa inn í á grundvelli barnaverndarlaga. Það er með öllu óásættanlegt að leggja þá ábyrgð alfarið á herðar verðandi móður að verja barn sitt fyrir ofbeldi föðurins.

Önnur og enn stærri spurning sem vaknar við þessar upplýsingar er hvers konar þjóðfélag það er sem elur af sér karlmenn sem ekki sjá neitt athugavert við það að misþyrma konum sínum og börnum, fæddum jafnt sem ófæddum. Þarf ekki að fara að gera rannsókn á því hvar og hvenær potturinn brotnar í uppeldi þeirra og reyna að finna leiðir til úrbóta? Þennan smánarblett verður samfélagið að þvo af sér með öllum tiltækum ráðum og það fyrr en seinna. Þangað til er hæpið að fagna mæðradeginum af einhverri einlægni.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Pólitískt sprengiefni

Fyrir helgi birti verkefnisstjórn svokallaðs Samráðsvettvangs um aukna hagsæld á Íslandi ítarlegar tillögur sem verkefnisstjórnin telur geta stuðlað að auknum hagvexti. Verkefnisstjórnin leggur meðal annars til sameiningar stofnana og sveitarfélaga, lækkun tolla, breytingar á styrkjakerfi landbúnaðar, eins konar sáttaleið í sjávarútvegsmálum, sæstreng til Evrópu og margt fleira. Sturla Böðvarsson, fyrrverandi ráðherra fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins, komst vel að orði á Facebook þegar hann sá þessar tillögur. „Ég man ekki eftir að hafa séð annað eins pólitískt sprengiefni sett saman í eitt rit.“



### Margt til að ræða

Það er því eiginlega synd að öll athyglin síðustu daga hefur beinst að tillögum hópsins um menntakerfið. Því þó að það sé full ástæða til að ræða í þaula tillögur á borð við að sameina beri framhaldsskóla, stytta beri grunn- og framhaldsskólanám og hækka kennsluhlutfall í grunnskólum, þá er mjög margt fleira í þessum tillögum sem á skilið djúpa umræðu.

### Kolla og fótboltakarlarnir

Kolbrún Bergþórsdóttir, blaðamaður á Morgunblaðinu, gerði allt vitlaust í netheimum í gær með pistli sem hún skrifaði. „Enda er knattspyrna heldur ómerkilegur leikur þeirra sem nenna ekki að lesa bækur,“ voru sennilega þau orð sem stuðuðu flesta. Þetta virðist reyndar vera nýleg skoðun. Þannig skrifaði Kolbrún pistil um hina ómótstæðilegu Spánverja meðan á HM í fótbolta stóð í fyrra þar sem hún sagði eftirfarandi: „Ég er ekki lengur fullviss um að fótbolti sé göfug íþrótt og íhuga að beina áhuga mínum fremur að stórmótum í handknattleik karla.“ Reyndar var helsta ástæðan svekkelsi yfir því að ekki mætti lengur sjá glitta í læri fótboltamanna, „sem eru með göfugri líkamshlutum karlmanna – með fullri virðingu fyrir heilastarfsemi þeirra“. Kolbrún er skemmtilegur penni.



magnusl@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Borgarstjórn hrósað

STJÓRNSÝSLA



**Þórey Vilhjálmsdóttir**

framkvæmdastjóri borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins

Skýrsla úttektarnefndar á stjórnkerfi og stjórnsýslu Reykjavíkurborgar kom út í apríl og hefur verið í umræðunni undanfarna daga. Úttektin nær til árabilsins 2002 til 2011 en sérstaklega er farið yfir viðbrögð borgarstjórnar við efnahagshruninu 2008. Í skýrslunni eru yfir hundrað góðar og þarfar ábendingar um það sem má betur fara í þágu skilvirkara borgarkerfis. Ef rétt verður unnið úr niðurstöðunum eru þarna gríðarleg tækifæri til þess að gera betur við borgarbúa og efla grunnþjónustuna.

### Pólitísk samstaða

Athygli vekur að í kaflanum um úttekt á áhrifum bankahrunsins 2008 er borgarstjórn þess tíma undir forystu Sjálfstæðisflokksins hrósað fyrir viðbrögð við efnahagshruninu og þá sérstaklega þeirri þverpólitísku samstöðu sem innleidd var:

*„Telur úttektarnefndin að borgaryfirvöld hafi brugðist við þessum áföllum strax og þau þóttu fyrirsjáanleg á árinu 2008 og að sú pólitíska samstaða sem náðist um viðbrögð við vandanum hafi verið mjög mikilvæg í því efni.“*

Það eiga allir hrós skilið fyrir þátttöku í þessu samstarfi, bæði meirihluti og minnihluti borgarstjórnar. Eina markmiðið í slíkri þverpólitískri vinnu er að verja borgarbúa og grunnþjónustuna – flokkspólitískir hagsmunir víkja. Ákallið um ný stjórnmál er sterkt í samfélaginu og þeir sem starfa í stjórnmálum verða að halda áfram að hlusta á það ákall. Að sjálfsögðu eiga þessi vinnubrögð að vera venja en ekki undantekning.

**➜ Það eiga allir hrós skilið fyrir þátttöku í þessu samstarfi, bæði meirihluti og minnihluti borgarstjórnar.**

### Ný vinnubrögð

Einnig er fjallað sérstaklega um fjárhagsáætlanagerð 2009, fyrstu fjárhagsáætlun eftir hrun þar sem borgarstjórn fór nýjar leiðir er skiluðu hagræðingu um 2,3 milljarða. Aðferðafræðin þar sem 3.000 starfsmenn borgarinnar tóku þátt og skiluðu 1.500 hagræðingarhugmyndum hefur vakið athygli langt út fyrir landsteinana. Ný vinnubrögð og þverpólitísk samvinna skilaði sér í aukinni stjórnsánægju á meðal starfsmanna og lítilli sem engri þjónustuskerðingu við borgarbúa. Markmið borgarstjórnar á að vera að finna lausnir innan stjórnsýslunnar áður en farið er í þjónustuskerðingar sem hafa áhrif á grunnþjónustu við borgarbúa – það skilaði sér á þessum tíma og mun skila sér áfram þar sem þessi góðu vinnubrögð verða við lýði.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Blindur, brúnn og hrukkóttur



HEILSA
**Teitur Guðmundsson**
læknir

Nú þegar sumarið er komið bíðum við eftir sólinni sem yljar okkur og öllu öðru, hún glæðir gróðurinn lífi og það hleypur viss kátína í unga sem aldna. Dagurinn lengist, það birtir yfir og lífsmunstur flestra breytist eitthvað, sumir taka fram grillið, aðrir nota breytinguna til að færa líkamsræktina sína út undir beran himin og enn aðrir stunda sólardýrkun af miklum móð, enda sólin verið í felum löngum stundum undanfarna mánuði og það er nauðsynlegt að fylla á tankana.

Við höfum líka heyrt af landlægum D-vítamínskorti og því er kærkomið að taka það upp á náttúrulegan hátt auk þess sem við fáum „hraustlegra“ yfirbragð þegar við verðum svolítið brún og sælleg, ekki satt? Allt þetta eru eðlilegar hugsanir og jákvæðar. Hins vegar verðum við að muna að húðin gleymir ekki svo glatt og man eftir því þegar við brennum og gleymdum að passa okkur. Því miður veit enginn hversu oft við megum lenda í slíku, né hvenær líkaminn fer að vinna gegn okkur og breytast, samanber þróun krabbameina í húð sem eru allt of algeng og hafa færst í aukana undangengin ár.

### Barátta við hrukkur

Það er þekkt að því yngri sem einstaklingurinn er og því oftar sem hann brennur aukast líkurnar á því að hann geti þróað með sér vandamál eins og húðkrabbamein á fullorðinsárum. Því er sérlega mikilvægt að passa blessuð börnin. En geislar sólar og þá sérstaklega af UVB-toga hafa sérstaka tilhneigingu til að skemma frumur og breyta erfðaefni þeirra. En það er ekki það eina sem þeir gera, því bæði UVA- og UVB-geislar hafa gífurleg áhrif á það hvernig húðin eldist og í raun skemmist. Þá má ekki gleyma þeim áhrifum sem þessir geislar hafa á önnur líffærakerfi, eins og augun og ónæmiskerfið. Tímabundin brúnka og sællegt útlit getur því hæglega breyst í baráttu við hrukkur og ýmis önnur vandamál með tilheyrandi fórnarkostnaði þegar árin færast yfir.

Hégóminn er líklega einn sterkasti drifkraftur einstaklingsins og er skemmtilegt þegar við getum nýtt okkur hann ásamt vanahegðun til að gera fólki gott. Ég hef haldið ófáa fyrirlestrana og þykir alltaf jafn gaman þegar ég spyr hversu margir hafi sett á sig sólarvörn þann morguninn. Spurningin þykir skrítin og fæstir gera það nema þeir ætli í sólbað. Karlarnir eru sérlega slæmir og nota yfirleitt ekki krem, en konurnar nota nær allar dagkrem. Þegar útskýrt er fyrir þeim hvernig snyrtivörufyrirtækin eru búin að taka af þeim völdin með því að blanda slíkri vörn í dagkremin þeirra átta þær sig. Það nennir nefnilega engin að bera á sig tvær tegundir, því eru öll dagkrem sem vilja vera „alvöru“ með SPF 25 eða viðlíka. Það dylst líklega engum hvað krem eru snar þáttur í að viðhalda fegurð og ferskleika kvenna, einn hluti af virkni þeirra er sannarlega að verjast sólinni sem við erum svo skotin í.

### Karlar noti dagkrem

Þið karlar ættuð því að skoða notkun dagkrems, það er sannarlega skynsamlegt og ekki bara hégómi! Sérstaklega þeir sem starfa utandyra og eru verulega útsettir fyrir sólarljósi og útfjólubláum geislum. Einföld sólarvörn gæti hins vegar dugað vel og engin ástæða til að eyða morð fjár í dýr krem þegar megintilgangurinn er að verjast og gefa húðinni næringu. Það er einmitt virknin sem við eigum

> Ég hef haldið ófáa fyrirlestrana og þykir alltaf jafn gaman þegar ég spyr hversu margir hafi sett á sig sólarvörn þann morguninn. Spurningin þykir skrítin og fæstir gera það nema þeir ætli í sólbað.

að leitast eftir og er í flestum hefðbundnum útgáfum af sólarvörn í dag.

En fyrir utan það að breyta húðinni og stuðla að öldrun hennar með því að mynda hrukkur, bletti og annað viðlíka hafa geislar sólar áhrif á augun á þann máta að þau geta líka „sólbrunnið“. Það er því ekki bara töff að vera með sólgleraugu og eiga helst sem flest til skiptanna, til að fela hrukkurnar kringum augun, eða bara til að verjast birtu, heldur líka til að koma í veg fyrir skýjamyndun í augunum sem getur valdið blindu. Alþjóða heilbrigðismálastofnunin telur að af þeim 15 milljónum manna sem verða árlega blindar af völdum svokallaðs katarakt séu 20% rakin til útfjólublárra geisla.

Það sem mér þykir einnig áhugavert er að þrátt fyrir að við framleiðum D-vítamín með sólargeislum í húðinni og vitum af þeim jákvæðu áhrifum sem það vítamín hefur á heilsu okkar virðist sólin hafa ónæmisbælandi áhrif líka. Það er á svokölluðu frumusvari ónæmiskerfisins og þar sem sólar nýtur sérstaklega mikið við hefur hún þannig mögulega neikvæð áhrif og veiklandi á einstaklinginn. Þetta samspil er því afar flókið og ljóst að maður getur auðveldlega orðið veikur, blindur, brúnn og hrukkóttur af því að ofnota hina ljúfu geisla sólarinnar. Það á því sennilega vel við að lofa hinn gullna meðalveg í þessu efni sem öðru en vera sérlega vel vakandi og nota viðeigandi vörn. Gleðilegt sumar!





Ársfundur Sameinaða lífeyrissjóðsins verður haldinn fimmtudaginn 23. maí nk., kl. 16.00, á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2.

Dagskrá

1. Almenn ársfundarstörf samkvæmt samþykktum
2. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
3. Önnur mál löglega upp borin

Auk kjörinna fulltrúa eiga allir sjóðfélagar og rétthafar séreignarsparnaðar rétt til setu á fundinum.

Reykjavík, 8. maí 2013
Stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins

Hægt verður að fylgjast með beinni útsendingu frá fundinum á heimasíðu sjóðsins, **lifeyrir.is**

Ársskýrslu og tillögur að breytingum á samþykktum má nálgast á skrifstofu sjóðsins og á **lifeyrir.is**

Borgartún 30, 105 Reykjavík
Sími 510 5000
mottaka@lifeyrir.is
lifeyrir.is

Lífeyrir
Sameinaði lífeyrissjóðurinn

TOSHIBA DELL acer hp ASUS UNITED

# FARTÖLVU

## VERÐFALL Á YFIR 50 GE




ASUS

**79.990**

ASU-X401AWX350H

Fullt verð 99.990




TOSHIBA

**179.990**

TOS-U920T109

Fullt verð 219.990




TOSHIBA

**89.990**

TOS-L83013G

Fullt verð 119.990




TOSHIBA

**109.990**

TOS-U940104

Fullt verð 129.990




TOSHIBA

**179.990**

TOS-P845T10L

Fullt verð 199.990




ASUS

**109.990**

ASUS S200E-CT158H

Fullt verð 129.990

## 20% AFSLÁTTUR AF FARTÖLVUTÖSKUM !

## AÐEINS NOKKRIR DAGAR !




OPNUNARTÍMI:

Virka daga 10-18 – Laugardaga 11-16

# URÝMING

## ERÐUM AF FARTÖLVUM




ASUS
ASU-UX31AR4004H
**239.990**
Fullt verð 279.990




ASUS
ASU-S550CMCJ028H
**189.990**
Fullt verð 219.990




TOSHIBA
TOS-C8551U8
**84.990**
Fullt verð 109.990




TOSHIBA
TOS-X87011G
**249.990**
Fullt verð 299.990




ASUS
ASU-UX31AC4027H
**329.990**
Fullt verð 349.990




TOSHIBA
TOS-C8551VU
**109.990**
Fullt verð 129.990

**TAKMARKAÐ MAGN!**
SÝNINGAREINTÖK, YFIRFARNAR OG UMBÚÐARLAUSAR Á GEGGJUÐU VERÐI!

**OPIÐ 10-18**

tl.is

TÖLVU LISTINN

**6 VERSLANIR UM ALLT LAND**

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |

✝

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**PÉTUR JÚLÍUSSON**
**áður til heimilis að Skallagrímsgötu 7,**

andaðist í Brákarhlíð, hjúkrunar- og dvalarheimili, Borgarnesi, föstudaginn 3. maí. Útförin fer fram frá Borgarneskirkju miðvikudaginn 15. maí kl. 14.00.



**Pétur Helgi Pétursson**
**Sveinn Haukur Pétursson** **Anna Kristín Stefánsdóttir**
**Anna Kristín Pétursdóttir** **Ragnar G. Guðmundsson**
**Hjörtur Dagur Pétursson**
**afa- og langafabörn.**

✝

Okkar ástkæra

**LILJA EYJÓLFSDÓTTIR**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi mánudaginn 6. maí. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.



**Þórir Jón Axelsson**
**Valgeir Þórisson** **Aelita Sheina**
**Jón Helgi Þórisson** **Savina Sabeva**
**Birgir Þórisson** **Árný Eggertsdóttir**
**og barnabörn.**

✝

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**KRISTJÁN BERSI ÓLAFSSON**

sem lést 5. maí á Hrafnistu í Hafnarfirði, verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 15. maí kl. 13.



**Sigríður Bjarnadóttir**
**Freydís Kristjánsdóttir** **Valdimar Þ. Valdimarsson**
**Ólafur Þ. Kristjánsson** **Kristrún Helga Ingólfsdóttir**
**Bjarni Kristófer Kristjánsson**
**Hafdís Jóhanna, Snædís,**
**Kristján Hrafn, Sigríður Inga, Egill.**

✝

Ástkær sonur minn og bróðir okkar,

**JÓN RÚNAR RAGNARSSON**

lést þann 6. maí á hjúkrunarheimilinu Sóltúni. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 15. maí kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð Sóltúns.



**Helga Jónsdóttir**
**Guðmundur Albert Jóhannsson**
**Jensína Sigurborg Jóhannsdóttir**

✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**TRAUSTI MAGNÚSSON**
**fyrrv. útgerðarmaður og skipstjóri, Árstíg 7, Seyðisfirði,**

er lést á Heilbrigðisstofnun Austurlands á Seyðisfirði 8. maí síðastliðinn, verður jarðsunginn fimmtudaginn 16. maí kl. 14.00 frá Seyðisfjarðarkirkju. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast Trausta er bent á Hollvinasamtök Sjúkrahúss Seyðisfjarðar.



**Þórdís Jóna Óskarsdóttir**
**Ósk Traustadóttir** **Jóhann Viðar Jóhannsson**
**Magnús Traustason** **Hrafnhildur Ólafsdóttir**
**Sigrún Traustadóttir** **Guðmundur Gylfason**
**Hafrún Traustadóttir** **Kristján Birgir Skaftason**
**Vignir Traustason** **Aldís María Karlsdóttir**
**Guðrún María Traustadóttir** **Eymundur Björnsson**
**afabörn og langafabörn.**


***Fjölbreytt úrval legsteina***
***Frí áletrun og uppsetning***

Sjá nánar á granithollin.is sími 555 38 88
Bæjarhrauni 26 (á móti Fjarðarkaupum)



Graníthöllin
*Bæjarhrauni 26 - 220 Hafnarfirði*
*www.granithollin.is*
*Sími 555 38 88*


**ÞETTA GERÐIST:** 14. MAÍ 1965

# Fyrsti Fokkerinn kom til landsins

Fyrsta Fokker Friendship-skrúfuþotan í eigu Íslendinga kom til landsins þennan dag. Hún var önnur af tveimur vélum sömu gerðar sem Flugfélag Íslands hafði keypt.

Tekið var á móti flugvélinni og áhöfn hennar við hátíðlega athöfn á Reykjavíkurflugvelli. Ásta Sveinsdóttir frá Akureyri gaf hinni nýju vél nafnið Blikfaxi. Karlakórinn Fóstbræður söng og Ingólfur Jónsson flugmálaráðherra, Somberg, blaðafulltrúi Fokker, og Örn Johnson, forstjóri Flugfélagsins, héldu ræður.

Sæti voru fyrir 48 farþega í Blikfaxa og allmikið rými fyrir vörur. Hægt var líka að færa framvegg í farþegarými og stækka vöruhólf en fækka sætum í flugvélinni að sama skapi.

Blikfaxi var knúinn tveimur 1.850 hestafla Rolls-Royce Dart-hverfilhreyflum.




**TÍMAMÓT Í INNANLANDSFLUGINU** Birgir Kjaran og Örn Johnson við Blikfaxa.
MYND/ÖLDIN OKKAR

# Tækifæri til að hugsa um heimaslóðir

**Færeyingafélagið í Reykjavík var stofnað 15. maí 1943 og er því 70 ára á morgun. Starfsemi félagsins snýst um færeyskar matarveislur, færeyskan dans og að auka skilning ungu kynslóðarinnar á tungumáli forfeðranna.**

„Við höldum alltaf þrjú böll á ári, haustball, jólaball og vorball, og erum með æfingar þess á milli þar sem dansaðir eru færeyskir þjóðdansar. Það er alltaf gaman að hitta landa sína, þá er tækifæri til að hugsa um heimaslóðir,“ segir Guðrið H. Petersen, formaður Færeyingafélagsins í Reykjavík. Tilefni viðtalsins er að sjötíu ár eru á morgun liðin frá stofnun félagsins. Haldið var upp á afmælið síðasta laugardag í Stangarhyl 4 og þar mættu meðal annarra forseti Íslands og menntamálaráðherra Færeyja. „Það var mjög gaman hjá okkur,“ segir Guðrið. „Við héldum veglega veislu með þriggja rétta máltíð og á eftir var dans stiginn við undirleik hljómsveitarinnar Klassík. Við fengum til okkar dansara frá Klaksvíkar dansifelag sem leiddu keðjudans. Árni Johnsen var veislustjóri og stóð sig vel. Hann er svo kunnugur í Færeyjum og sagði skemmtilegar sögur.“

Fimmtíu manns voru í stofnendahópnum fyrir 70 árum og nú eru félagarnir um 150. Guðrið hefur sinnt formennsku í um það bil ár. Hún segir meðalaldur í félaginu frekar háan, samt komi alltaf eitthvað af ungum Færeyingum til Íslands í nám. „Þegar ég flutti um 1990 og upp úr því var talsvert um að Færeyingar kæmu hingað og settust að,“ segir hún, en sjálf flutti hún til landsins níu ára með mömmu sinni sem hafði kynnst íslenskum manni.

Veislur og dans eru meginuppistaðan í starfsemi Færeyingafélagsins. „Í vetur fengum við sent kæst lambakjöt og borðuðum saman. Mér finnst það gott en manninum mínum sem er íslenskur finnst það ekki. Hann borðar hins vegar kæsta skötu en ég er ekki hrifin af henni. Þetta fer eftir því hvað maður er alinn upp við,“ segir hún glaðlega.

Hvaða mál skyldi svo vera talað á fundum félagsins? „Meginpartinn tölum við færeysku en svissum samt stundum yfir í íslensku þegar við ræðum einhver praktísk mál. Þó að ég sé 100% Færeyingur tala ég mest íslensku á heimilinu. En við erum með færeyskan skóla annan hvern laugardag, fyrir börn sem eiga annað foreldrið íslenskt og hitt færeyskt,“ segir Guðrið og bætir við að færeyska sjómannaheimilið sé athvarf kennslunnar og fleiri viðburða hjá félaginu.

Á afmælisfagnaðinum á laugardag klæddust margir færeyskum þjóðbúningum. „Við skrifuðum í boðskortið að mikið væri gaman ef sem flestir gætu komið í búningi og þeir voru fjölmargir sem tóku mig á orðinu,“ segir Guðrið. „Það voru allir mjög ánægðir með það.“

gun@frettabladid.is



**FORMAÐURINN** „Þó að ég sé 100% Færeyingur tala ég mest íslensku á heimilinu,“ segir Guðrið H. Petersen. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

✝

Okkar ástkæri

**BRAGI GUÐJÓNSSON**
**Hólabergi 84,**
**áður Skriðuseli 5, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum í Fossvogi laugardaginn 11. maí. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 17. maí kl. 15.00.



**Guðrún Friðgeirsdóttir**
**Brynja Guðmundsdóttir** **Árni Benedikt Árnason**

Ástkær móðir og systir,

**SÆRÚN STEFÁNSDÓTTIR**
**frá Raufarhöfn**

sem lést 26. apríl sl. á Landspítalanum, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 16. maí kl. 13.00.



**Stefán Jan Sverrisson**
**Kolbrún Stefánsdóttir**
**Guðrún Stefánsdóttir**
**Magnús Stefánsson**
**og fjölskyldur.**

✝

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma, dóttir og systir,

**GUÐRÚN KRISTJÁNSDÓTTIR**
**hjúkrunarfræðingur,**

andaðist á Hrafnistu Reykjavík þann 4. maí síðastliðinn. Útförin fer fram miðvikudaginn 15. maí klukkan 15.00 frá Neskirkju.



**Eggert Sigfússon**
**Sigríður Anna Eggertsdóttir, Eirik Rønning Andersen og börn**
**Karítas Eggertsdóttir, Heiðar Einarsson og börn**
**Kristján Eggertsson og Theresa Himmer**
**Emma Guðmundsdóttir**
**Karítas Kristjánsdóttir**
**Gunnar Kristjánsson**
**María Vigdís Kristjánsdóttir**

✝

Elskuleg móðir okkar, dóttir, tengdamóðir, systir og amma,

**INGIBJÖRG ÓLÖF ANDRÉSDÓTTIR**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 9. maí. Útförin verður auglýst síðar.



**Kristín Logadóttir** **Hallgrímur Þór Sigurðsson**
**Andrés Már Logason**
**Kristín Magnúsdóttir**
**Örn Andrésson**
**Guðbjörg Erla Andrésdóttir**
**Magnús Andrésson**
**Hrafn, Lóa og Már Hallgrímsbörn**



## ÚÐA Í SIG NASLI

**Könnun sem gerð var nýlega í Bretlandi sýnir að þriðja hvert barn borðar kartöfluflögur daglega. Börnin fá í sig mikið magn af fitu, salti og öðrum efnum sem ekki eru æskileg fyrir heilsuna. Talið er að kenna megi naslinu um offituvanda barna.**


Er rakastigið of hátt?
Þurrktæki
Stjórnaðu rakastiginu,
dragðu úr líkum á myglusvepp
íshúsið www.ishusid.is S: 566 6000



praxis ...þegar þú vilt þægindi
Boston leður Svart, Hvítt st. 35-48 Rautt st. 36-42 Blátt st. 36-47 Verð: 12.900 kr.
Lissabon Dömusandalar m/ frönskum rennilás Efni: leður litur: Hvítt, Rautt, Svart st. 36-42 Verð: 9.990 kr.
California (afrafmagnaðir) Efni: Leður Litur: Svart, Hvítt St. 35-46 Verð: 16.900 kr.
Paris leður Svart, Hvítt, Blátt m/microfib og rúskinnssóla st. 36-42 Verð: 12.900 kr.
Verona Svart, Hvítt st. 36-41 Verð: 9.500 kr.
Dömusandalar m/frönskum rennilás Efni: gervileður Litur: Grátt/Blátt, Svart/Grátt St. 36-42 Verð: 7.900 kr.
Boníto ehf. • Praxis
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 • www.friendtex.is
Opið mán. – fös. kl. 11–17. Laugardaga kl. 11-15




# FIBERHUSK Í BAKSTURINN

**E.BRIDDE EHF. KYNNIR** *FiberHUSK-trefjavaran er hrein náttúruafurð án allra auka- og bragðefna. FiberHUSK hentar vel í allan bakstur.*

Sjálfur hef ég notað þetta undraefni í nokkur ár, aðallega þegar ég bý til múslí. Einnig hef ég notað eina til tvær matskeiðar í brauð og svo má setja þetta í pönnukökur og vöfflur," segir Albert Eiríksson, matgæðingur með meiru, en hann heldur úti síðunni Alberteldar.com. „Það má nota FiberHUSK í allan bakstur."

FiberHUSK er trefjavara sem leysa má upp í vatni. Varan inniheldur malað hýði fræja af indversku plöntunni Plantago ovata Forsk og er einnig þekkt sem Ispaghula Husk eða hýði Psylliumfræja. Trefjarnar samanstanda af vatnsuppleysanlegum hemisellulósa, pektíni, pentósum og hexósum. FiberHUSK er tilvalið í baksturinn.

Ráðlagður dagskammtur af trefjum fyrir fullorðna er 25-35 grömm á dag. Börn undir þriggja ára aldri ættu ekki að fá meira en 15 grömm af trefjum á dag en með FiberHUSK er stuðlað að aukinni neyslu fæðutrefja með því að auka magn trefja í mat og brauði.

„Brauð með miklu trefjainnihaldi mettar betur en venjulegt hvítt brauð og trefjarnar stuðla enn fremur að betri meltingu," segir Albert. „Með FiberHUSK er hægt að baka hvítt brauð sem inniheldur álíka mikið af trefjum og gróft rúgbrauð. Deigið nær einnig að binda vökvann betur og brauð og bollur og kökur halda ferskleikanum lengur. FiberHUSK er líka algerlega glútenfrítt og hentar því mjög vel í glútenlausan bakstur en margar glútenlausar hveititegundir innihaldi minna af trefjum en venjulegt hveiti. FiberHUSK stuðlar einnig að því að deigið lyfti sér betur, brauðið fær betri áferð og molnar síður. Það verður líka safaríkara," segir Albert.

Allir geta notað FiberHUSK í eigin uppskriftir ef þeir vilja aukið trefjainnihald. Bætið 20 grömmum af FiberHUSK og 1 dl af vökva í hver 500 grömm af hveiti sem notuð eru í uppskriftinni.

**UNDRAEFNIÐ FIBERHUSK** Albert Eiríksson hefur notað FiberHUSK í bakstur og í múslí undanfarin ár og segir það undraefni. HUSK fæst í flestum apótekum og heilsubúðum um allt land. Nánari upplýsingar er að finna á www.ebridde.is. MYND/STEFÁN






SUMARDAGAR
15% afsláttur
af sumarvörum
BASLER Parísar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770



NÝTT VERÐ FRÁ kr. 9.975.-
NÝTT Heldur heitu í 4 tíma
GLÖS 18 teg.
iittala
Brúðkaupsgjafir
Tilvonandi brúðhjón verið velkomin að skrá óskalistann hjá okkur.
Öll brúðhjón fá gjöf og lenda í brúðhjónapotti.
Persónuleg og góð þjónusta
Tékk KRISTALL www.tk.is
VERÐ FRÁ kr. 24.990.-
Fyrir 12 manns 14. tegundir
HITAFÖT
STELL 20 teg.
iittala
SKÁLAR, GLÖS & DISKAR NÝTT
Laugavegi 178 • Sími: 568 9955 • Opið, virka daga 12 -18 & laugardaga 12 -16

# ÞORSKUR Á TÓMATBEÐI

Þessi uppskrift er úr kennslubók í heimilisfræði og passar fyrir fjóra.



400 g þorskflök eða annar hvítur fiskur
½ tsk. salt (eða eftir smekk)
¼ tsk. pipar
75 g rjómaostur
½ tsk. grófkorna sinnep (Dijon)
1 msk. mjólk eða rjómi
1 msk. fínklipptur nýr eða þurrkaður graslaukur
3 stórir tómatar
2 tsk. ólífuolía
1 msk. fersk basilíka eða 1 tsk. þurrkuð

Hitið ofninn í 200°C.
Hreinsið fiskinn, skerið hann í meðalstór stykki og leggið þau í smurt eldfast mót. Saltið og piprið.
Blandið saman rjómaostinum, sinnepinu, mjólkinni/rjómanum og graslauknum og smyrjið yfir fiskstykkin. Bakið í fimm mínútur.
Skerið tómatana í þykkar sneiðar og leggið þær á smurðan álpappír. Setjið svolitla ólífuolíu á hverja sneið, dreifið nokkrum salt- og piparkornum og að lokum basilíku yfir sneiðarnar. Setjið í ofninn við hliðina á fiskinum og bakið í tíu mínútur.
Raðið tómatsneiðunum á fat og leggið fiskstykkin ofan á eða hafið tómatana við hliðina á fiskinum. Berið fram með soðnum kartöflum, grænmetissalati og grófu brauði.




**Ungbarnanuddnámskeið fyrir foreldra 1-10 mánaða**
**Nýtt námskeið hefst fimmtudaginn 16. maí kl. 14.00.**
ATH. Möguleiki á tveim skiptum
Skoðaðu Heilsusetur.is eða hringdu í síma 552 1850 eða 896 9653

**Námskeið í baknuddi**
**laugardaginn 25. og sunnudaginn 26. maí**
**frá kl 11:00 – 15:00**
- **Slökunarnudd með sérvöldum ilmolíum**
- **Þrýstipunktanudd fyrir bakvandamál**
- **Svæðanudd**

**Sjá upplýsingar á www.heilsusetur.is**
**Sími 896 9653**


# HOLLUSTAN Í FYRIRRÚMI

**ÁHUGAVERT** *Íslensk börn fá mun meiri kennslu í heimilisfræðum en jafnaldrar þeirra víðast hvar í heiminum. Námið byggir á því að kenna undirstöðuatriðin í eldhúsinu auk næringarfræði og ráðlegginga um skynsamlegt mataræði.*

Ragnheiður Júníusdóttir, heimilisfræðikennari og aðjúnkt í faginu við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, segir að Íslendingar séu framarlega þegar kemur að kennslu í heimilisfræði. „Nemendur byrja mun fyrr hér en á öðrum Norðurlöndum. Þeir byrja í fyrsta bekk eða frá sex ára aldri og námið er skyldufag upp í sjöunda bekk. Í næstu þremur bekkjum þar fyrir ofan er námið valgrein," segir Ragnheiður, en samkvæmt könnun sem gerð var á skólaárunum 2010-2011 er heimilisfræði í fyrsta sæti yfir vinsælustu valgreinar í grunnskólum landsins.

**BREYTINGAR Á NÁMI**

Heimilisfræðinámið hefur breyst mikið frá því sem áður var þegar eingöngu stúlkur sóttu svokallaða matreiðslutíma. Í dag er næringarfræði og heilsuuppeldi stór hluti námsins og mikil áhersla lögð á holt mataræði. „Við vinnum með grunnþjálfun eins og handbrögð og mælingar. Í heimilisfræði fá börnin kennslu í að nota ýmis áhöld og heimilistæki en jafnframt er mikil áhersla á holt mataræði og að þau geri sér grein fyrir hollum lífsháttum," segir Ragnheiður. „Sum sex ára börn kunna að smyrja brauð en önnur ekki. Þannig að fyrsta árið er barnið að læra fyrstu handbrögð í eldhúsinu en tekur jafnframt þátt í matreiðslunni með kennaranum. Umræðan og kennslan um hollt og gott mataræði skilar sér til barnanna og þaðan til heimilanna. Við vitum að börn eru opin fyrir því sem þau læra í heimilisfræðinni. Sum eru vissulega áhugasamari en önnur og margir hafa fundið ævistarfið í gegnum kennsluna og farið í kokkaskóla," segir Ragnheiður.

**SKEMMTILEGT FAG**

„Ýmsar rannsóknir sýna að kennsla í heimilisfræði skilar sér vel til nemenda. Heimilisfræðin er jákvæðasta fagið í skólanum, enda finnst flestum gott að borða og mörgum finnst gaman að elda. Á síðustu árum hefur í námi heimilisfræðikennara auk þess verið lögð miklu meiri áhersla á hvernig miðla má fræðslu um næringu sem vonandi skilar sér í skólastarfinu. Umræðan í þjóðfélaginu um hollan og heilsusamlegan mat hefur haft áhrif inn í skólann og mikilvægt er að efla heilsulæsi til að auðvelda almenningi að taka upplýsta ákvörðun um fæðuvalið. Við viljum hafa hollustuna að leiðarljósi og gera það á markvissan hátt."

Helga Sigurðardóttir hóf að kenna matreiðslu fyrir stúlkur í Austurbæjarskóla áður en hún varð skyldugrein árið 1960. Frá árinu 1977 hafa stúlkur og drengir fengið kennslu í heimilisfræði.

elin@365.is



**Í ELDHÚSINU** Ragnheiður Júníusdóttir segir að heimilisfræði sé jákvæðasta fagið í skólanum. MYND/VALLI


**fiber HUSK**®

# FRÁBÆRT Í BAKSTURINN!




**FiberHusk** er hrein náttúruleg, glútenfrí vara sem inniheldur 85% fæðutrefjar. Með því að bæta FiberHusk í brauð og kökur helst brauðið mjúkt og ferskt lengur.

Það er léttara að vinna glútínfría vöru ef **fiberHusk** er notað í uppskriftina. Deigið hefast betur og glútínfría brauðið molnar minna við skurð og verður safaríkara með tilkomu fiberHusk. Bæklingur með uppskriftum fylgir pakkanum og á bakhlið pakkningar er uppskrift.

***Eftirfarandi verslanir selja fiberHusk:*** *Apótek Garðabæjar, Apótek Vesturlands, Apótekið, Fræið í Fjarðarkaupum, Garðsapótek, Heilsuhúsið, Heilsutorgið í Blómavali, Lifandi markaður, Lyfja, Lyfjaval, Lyfjaver, Reykjavíkur Apótek.*

**Fleiri uppskriftir og nánari upplýsingar eru á husk.dk**

E.BRIDDE ehf. | www.ebridde.is

HUSK



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
**Jónína María Hafsteinsdóttir**
**jmh@365.is** s 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson**
**sverrirbs@365.is,** s 512 5432
**Elsa Jensdóttir**
**elsaj@365.is** s. 512-5427



**Blaðberinn bíður þín**

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið




# WÖRTHERSEE-SENUÞJÓFAR

## Á hverju ári kynnir Volkswagen ásamt undirmerkjum sínum kraftaútgáfur af hefðbundnum framleiðslubílum.

Wolkswagen-merkjafjölskyldan sýnir á hverju ári á sér sparihliðina við hið fallega austurríska stöðuvatn Wörthersee. Þar sýna mörg af undirmerkjum Volkswagen sérútgáfur af venjulegustu og söluhæstu bílgerðum sínum. Allir bílarnir eiga það sameiginlegt að hafa fengið vænar staraspraurtur undir húddið en útlitsbreytingar þeirra ganga sjaldnast svo langt að upprunaleg gerð bílanna sjáist ekki. Þetta árið eru það Volkswagen, Audi, Seat og Skoda sem sýna sex bíla við Wörthersee og eru þeir hver öðrum laglegri og öflugri. Uppákomuna við Wörthersee hafa margir kallað GTI-fund Volkswagen-fjölskyldunnar og er þá vitnað í Volkswagen Golf GTI-kraftabílinn. Þar hafa oft sést nýjungar sem seinna hafa skilað sér í bíla Volkswagen-samsteypunnar.

**Volkswagen Golf GTI**

Að sjálfsögðu er Golf GTI mættur við Wörthersee, en í nokkru breyttri mynd. Bíllinn er með ofuröflugri VR6 vél sem er með 3,0 lítra sprengirými og tveimur forþjöppum sem skila 503 hestöflum til allra hjólanna. Nauðsynlegt var að hafa bílinn fjórhjóladrifinn svo allt aflið skili sér nú í malbikið. Bíllinn er styttri, lægri og breiðari en hefðbundinn Golf GTI og framendinn hefur mikið breyst, sem og ljósin. Hámarkshraði bílsins er 300 km/klst.

**Audi TTS**

Verkfræðingum Audi hefur tekist að létta þennan TT bíl um heil 285 kíló. Því þarf hann ekki að vera með svo ofuröflugri vél, en í húddinu er þó enginn kettlingur heldur 310 hestafla tveggja lítra vél með forþjöppu. Með svo smáa vél er athyglisvert að bíllinn er ekki nema 4,2 sekúndur í hundraðið og hámarkshraðinn er 280 km/klst.

**Seat Leon Cup Racer**

Spænski framleiðandinn Seat vill ekki vera eftirbátur hinna framleiðenda VW-samstæðunnar og teflir fram snoppufríðum Leon tilbúnum í kappakstur, enda lítur bíllinn út fyrir að vera hreinræktaður keppnisbíll með miklar svuntur og vindskeiðar. ▶3


Audi TT


Seat Leon

SKIPTU UM SKOÐUN
Það er ódýrara.

| | |
|---|---|
| Tékkland | 8.945 |
| Aðalskoðun | 10.320 |
| Frumherji | 9.600 |

Samanburður á verðskrá aðalskoðunar bifreiða undir 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd, skv. vefsíðum fyrirtækjanna 15. apríl 2013

TÉKKLAND
Bifreiðaskoðun

Borgartún / Holtagarðar / Reykjavíkurvegur / Akureyri / Sími 414 9900 / tekkland@tekkland.is / www.tekkland.is




MAZDA CX-5

2,0 BENSÍNVÉL, 160 HESTÖFL
**Eyðsla** 6,6 l/100 km í bl. akstri
**Mengun** 155 g/km CO2
**Hröðun** 9,6 sek.

**Hámarkshraði** 187 km/klst
**Verð** 5.690.000 kr.
**Umboð** Brimborg


Mazda CX-5 er mjög vel heppnaður bíll, bæði útlitslega sem og að öðru leyti.

# LAGLEGUR JEPPLINGUR MEÐ TÍMAMÓTAVÉLUM

## Er með margverðlaunuðum Skyactive bensín- og dísilvélum.

**MAZDA CX-5**
**Finnur Thorlacius reynsluekur**

Heilmikið flug er á Mazda þessa dagana og kaupendum líka bílar framleiðandans sérlega vel. Þeir eru fallegir en það sem kaupendum líkar enn betur er Skyactive-vélartæknin sem skilað hefur sér í flestar gerðir. Þar er reynsluakstursbíll vikunnar engin undantekning, Mazda CX-5 jepplingurinn. Greinarritari fékk að prófa þennan bíl þegar hann var enn í mótun en Mazda gerði sér ferð til Íslands fyrir fáeinum misserum til að prófa hann á íslenskum vegum og leyfa nokkrum bílablaðamönnum að reyna gripinn, aðallega erlendum þó. Strax var ljóst við prufu hans að Mazda væri með afar góðan bíl í höndunum með byltingarkenndum vélum. Bæði bensín- og dísilvélin í CX-5 eru með áður óþekktu þjöppuhlutfalli, bensínvélin með því allra hæsta og dísilvélin því allra lægsta. Það skilar sér í meira togi og betri brunaeldsneyti í bensínvélinni og í dísilvélinni hreinni bruna og léttu álagi á vélina. Einnig skilar þetta óvenjulegu þjöppuhlutfalli, sem í báðum vélunum er 14:1, lágri eyðslu og lítilli mengun. Mazda CX-5 var kjörinn bíll ársins í Japan í desember síðastliðnum.

### Frábærar Skyactive-vélar

Vélarnar eru 2,0 lítra bensínvél og 2,2 lítra dísilvél. Bensínvélin er 163 hestöfl en 148 í dísilvélinni, sem að auki togar heil ósköp. Reynsluakstursbíllinn var með bensínvélinni, en Brimborg fær ekki bíla með dísilvélinni fyrr en seint á þessu ári vegna gríðarlegrar eftirspurnar. Ekki þarf að fara í grafgötur með að bíllinn er öflugri og sneggri með dísilvélinni, það var reynt í heimsókn Mazda hingað. Hins vegar er hann líka mjög skemmtilegur með bensínvélinni og hún er nægilega öflug fyrir þennan bíl þó að hún sé ekki búin forþjöppu. Erfitt gæti reynst að velja á milli bensín- og dísilútgáfunnar því sá með dísilvélinni er hálfri milljón dýrari en eyðir minna og er öflugri. Þessi nýja bensínvél er 10% léttari en forverinn, með 30% minna innra viðnámi, togar 15% meira og er 15% eyðslugrennri. Þess má geta að svo öfundsverð er þessi nýja vélartækni Mazda að aðrir bílaframleiðendur hafa hugleitt að kaupa vélar frá Mazda í bíla sína eða kaupa framleiðsluleyfi af þeim frá Mazda.

### Flott fjöðrun og fínir aksturseiginleikar

Akstur Mazda CX-5 að þessu sinni var bæði utan borgarmarkanna og innanbæjar og líkaði greinarritara mjög vel. Eiginleikar bílsins eru flottir og fimlegir. Það verður strax ljóst að það var ástæða fyrir því að svo til allir hlutir eru nýir í þessum bíl og hafa ekki sést í öðrum Mazda-bílum áður. Bíllinn er nákvæmur í stýri, virðist allur léttur, vélaraflið nægt, fjöðrunin hæfilega mjúk og vel stillt og aksturinn því þægilegur, eiginlega sérlega ljúfur. Talandi um fjöðrunina þá var sífellt farið hraðar yfir bæði hraðahindranir og ójöfnur og aldrei varð það óþægilegt, slaglengdin góð og hann át þetta allt með bestu lyst. Einu er þó ástæða til að kvarta yfir en ef auka á hraða þarf að pinna aðeins bensíngjöfina svo bíllinn skipti niður, því hann er gjarn í að hanga í of háum gír og erfiða fyrir vikið. Eflaust er það stillt svo til að lækka eyðsluna en gagnast ekki mikið ef nýta á aflið. Hann er þó snöggur að skipta sér niður og byrja að skila öllu aflinu aftur. Annað sem mætti gagnrýna er að hljóð frá vél og vegi berst of greiðlega í farþegarýmið og mætti Mazda gera aðeins betur í þeim efnum með næstu árgerð og þá væri komin lúxusbílatilfinning að aka þessum bíl. Eyðsla bílsins í reynsluakstrinum hékk alltaf milli 8,5 og 9,0 og endaði í 8,7 lítra meðaleyðslu. Það er reyndar rúmum tveimur lítrum yfir uppgefinni eyðslu en hafa verður í huga frísklegan akstur, kalt veður og oft vel hlaðinn bíl. Þetta er ekki slæm tala fyrir fullvaxinn jeppling með bensínvél.

### Flutningsrými allt að 1.620 lítrum

Mazda CX-5 er ári laglegur bíll að utan. Ytri fegurð bíla er einkar persónubundin en flestir virðast þó á þeirri skoðun að þessi bíll sé vel heppnaður. Að innan er erfitt að segja að hann sé sérlega heillandi, heldur frekar venjulegur, laus við íburð en svarar öllum þörfum. Plássið í bílnum er mjög gott. Í fyrsta lagi fer vel um alla farþega og skottið er stórt, 503 lítrar og stækkar í 1.620 lítra þegar aftursætin eru felld niður. Það var einmitt gert í ferð út á land með fjallahjól í farteskinu. Því var bara hent inn án þess að taka af því fram- eða afturdekk og gleypti rýmið það ásamt öðrum farangri. Þetta er stór kostur við jeppa og stærri jepplinga. Útsýni úr bílnum er til fyrirmyndar. Heildarupplifun greinarskrifara af CX-5 er sú sama og við fyrstu prófun hans þegar hann var í þróun, þ.e. mjög góð og með þann verðmiða sem á honum er geta fáir litið fram hjá honum við val á jepplingi. Verst hvað Brimborg fær fáa af þeim bílum sem slegist er um.




BÍLAR
www.visir.is/bilar
Umsjón blaðsins
Finnur Thorlacius
finnurth@365.is
Útgáfufélag
365 miðlar ehf.
Skaftahlíð 24,
105 Reykjavík,
sími 512 5000
Auglýsingar
Sverrir Birgir Sverrisson
sverrirbirgir@365.is
Sími 5125432
Hönnun
Silja Ástþórsdóttir
siljaa@frettabladid.is

**KEMUR Á ÓVART**

Hversu lipur bíllinn er í akstri

Hve stór þessi jepplingur er að innan

- Hljóð frá vél og vegi
- Lágstemmd innrétting

- Frábærar vélar
- Fínir akstureiginleikar
- Gott verð









**LÍTILL ÍBURÐUR**
**Enginn íburður er í innréttingu en allt er greinilega vel smíðað**

**FLUTNINGSRÝMIÐ**
**er 503 lítrar og stækkar í 1.620 l ef aftursæti eru felld niður**



VW Golf

▶ Vélin er 330 hestafla, 2,0 lítra og með forþjöppu. Magnað afl sem næst úr smárri vél. Þessi bíll mun fara í framleiðslu og kostar 70.000 evrur, eða tæpar 12 milljónir króna.

**Skoda Rapid Sport**

Alltof litlar upplýsingar liggja fyrir um þennan bíl tékkneska framleiðandans Skoda. Hann er með víkkuðum brettum, stærri stuðurum, miklum vindkljúfi að framan og á 19 tommu dekkjum. Recaro-keppnisstólar eru frammi í bílnum og sportstýri. Það er ekki ljóst hversu öflug vél er í bílnum en ólíklegt má teljast að þar sé 122 hestafla vélin sem er í hefðbundnum Rapid.

**Volkswagen Power Pickup**

Hann er ekkert sérlega sexí, Amarok-pallbíll Volkswagen, svo fyrirtækinu fannst greinilega upplagt að leggja honum til meiri kynþokka með þessum breytingum. Útvíkkuð bretti og lækkun bílsins frá vegi gera sitt en undir húddinu leynist 272 hestafla 3,0 lítra dísilvél sem tengist átta gíra sjálfskiptingu. Hann tekur sprettinn í hundrað á 7,9 sekúndum. Felgurnar eru risastórar 22 tommu, framljósin Xenon og afturljósin af LED-gerð. Mikið ber á burstuðu stáli að innan, leðri og koltrefjum.

**Volkswagen GTI Cabriolet Austria**

Þessi blæju-Golf er með fánalitum Austurríkis, sem er afar viðeigandi í Wörthersee. Þetta er enn einn bíllinn sem er með mjög öfluga 2,0 lítra vél með forþjöppu og skilar 333 hestöflum. Það eru 123 fleiri hestöfl en bíllinn sem hann er byggður á. Sex gíra tveggja kúplinga sjálfskipting, 2.250 vatta hljóðkerfi og 11 hátalarar auka á dýrðina. Það eru 17 og 23 ára strákar sem fengu það verkefni að breyta þessum bíl og virðast hafa staðið sig ágætlega.


# Kauptu betri sumardekk hjá Max1

## Margverðlaunuð Nokian gæðadekk sem veita öryggi

Nokian er leiðandi í framleiðslu dekkja sem eru sérstaklega hönnuð fyrir krefjandi aðstæður norðlægra slóða. Nokian er þekkt fyrir nýjungar og framþróun á dekkjum sem veita öryggi, stuðla að auknum eldsneytissparnaði vegna lítils vegviðnáms og veita mýkt og þægindi í akstri. Nokian dekk eru margverðlaunuð gæðadekk.

Nokian býður gott úrval sumar- og heilsársdekkja. Þar á meðal er nýtt sumardekk, Nokian eLine, sem hefur fengið toppeinkunn helstu prófunaraðila heims svo sem Auto bild, ADAC og NAF.

Mundu að grip dekkjana er aðeins fjórir lófastórir fletir. Ekki fórna örygginu í sumar. Veldu gæðadekk frá Nokian.

**Nýttu þér vaxtalaus lán í allt að 12 mánuði frá Visa eða Mastercard**



**Renndu við!**
Fáðu ráðgjöf frá sérfræðingum.
Komdu á Max1 Bílavaktina.

**Mundu: nagladekkin af eftir 15. apríl**



### Nokian i3

Nokian i3 heldur góðu gripi bæði við lágt hitastig og í rigningu, reynist frábærlega við flot í bleytu og veitir framúrskarandi akstureiginleika fyrir litla og meðalstóra fólksbíla.



### Nokian WR A3

Nokian WR er margverðlaunað heilsársdekk, sem hefur sannað gildi sitt við íslenskar aðstæður. Valið besta dekkið af Automotor 2012 með 99 stig af 100 mögulegum.



### Nokian Line

Nokian Line sumardekkið er framúrskarandi. Það gefur besta mögulega gripið ,frábæra akstursupplifun og er sérstaklega gott í bleytu.



### Nokian Rotiiva AT

Jeppadekk sem tryggir rásfestu, mýkt í akstri og mjög gott grip.

Max1 bílavaktin og Nokian uppfylla ESB reglur um hjólbarðamerkingar. Fáðu ráðgjöf.



## Nokian eLine

Nýja Nokian eLine sumardekkið hefur fengið toppeinkunn helstu prófunaraðila.

Það er hannað með nútímatækni og grænum áherslu sem stuðla að betri eldsneytisnýtingu og minni mengun. Mjúkir og öryggir akstureiginleikar þess færa þér hugarró.

Eldsneytisnýting og veggrip í bleytu er afdráttarlaust það besta sem þekkist. Nokian eLine fær hæstu einkunn samræmdu Evrópustaðlanna og skorar A bæði fyrir eldsneytisnýtingu og veggrip við blautar aðstæður.

**Reykjavík:** Bíldshöfði 5a og 8 , Jafnasel 6, Knarrarvogur 2, sími 515 7190
**Hafnarfjörður:** Dalshraun 5, sími 515 7190
**Akureyri:** Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Allar stöðvar opnar virka daga milli kl. 8:00-17:00
Laugardaga opið á Bíldshöfða 5a milli kl. 9:00-13:00

MAX1 BÍLAVAKTIN

# Dýrasti japanski bíllinn

Aðeins var framleitt 351 eintak af Toyota 2000GT árgerð 1967

**Þessi fallegi Toyota 2000GT bíll af árgerð 1967 var nýlega boðinn upp hjá RM Auctions í Bandaríkjunum og fyrir hann fengust 1,16 milljónir Bandaríkjadala, eða 138 milljónir króna. Það gerir þennan bíl að dýrasta bíl sem framleiddur hefur verið í Japan og reyndar í leiðinni í Asíu allri. Það hefur eflaust ýtt verðinu upp að bíllinn er sjaldgæfur, en aðeins var framleitt 351 eintak og aðeins 62 þeirra með stýrið vinstra megin eins og í þessum bíl. Eigandi bílsins var bílasafnarinn Don Davies sem býr í Texas. Toyota 2000GT hefur verið skilgreindur sem fyrsti japanski ofurbíllinn og hefur ávallt verið talinn frábær bíll, enda talsvert í hann lagt. Hann er með 150 hestafla vél úr sex strokka 2,0 lítra sprengirými, sem þótti mikið afl á þeim tíma. Bíllinn er með fimm gíra beinskiptingu og hámarkshraði hans er 217 km/klst.**





Nissan Altima selst vel í Bandaríkjunum.

## Nissan græddi 750 milljarða síðastliðið ár

**Japanski bílaframleiðandinn Nissan gerir upp árið milli 31. mars hvers árs. Fyrirtækið sýndi í bækur sínar í síðustu viku og þar sást að hagnaður ársins nam 6,31 milljarði Bandaríkjadala, eða 750 milljörðum króna. Veltan var 116 milljarðar dala og seldir bílar voru 4.914 milljón talsins. Minnkandi sala á mörgum markaðssvæðum Nissan var unnin upp á öðrum vaxandi mörkuðum, þá helst í Bandaríkjunum, Brasilíu og í Mið-Austurlöndum.**

**Fjórði ársfjórðungur Nissan var fyrirtækinu drjúgur í sölu og það hjálpaði mjög upp á að nýjar bílgerðir voru tíu talsins. Nissan segist ætla að framleiða 5,3 milljónir bíla á þessu ári og vaxa því um 7,8%. Veltan á að verða 118 milljarðar dala. Svo lítil hækkun veltu bendir til þess að Nissan muni framleiða meira af smáum og ódýrum bílum en það gerði á síðasta uppgjörsári.**



Ferrari Enzo ZXX

## Ferrari vill selja færri bíla á þessu ári

**Flestir bílaframleiðendur stefna ávallt að sölu fleiri og fleiri bíla. Einn sker sig þó úr því Ferrari lýsti því yfir um daginn að stefna fyrirtækisins væri að selja færri bíla en það gerir nú. Með því móti verður merki Ferrari betur haldið á lofti sem lúxusmerki og færri fá en vilja. Í fyrra seldi Ferrari 7.318 bíla en stefnir að því að selja minna en 7.000 bíla í ár. Forstjóri Ferrari útskýrði þessa stefnu fyrirtækisins um daginn. Hann sagði að Ferrari væri eins og falleg kona, hún þyrfti að vera biðarinnar virði og eftirsótt. Með þessari stefnu væri minni hætta á að fylla markaðinn og eldri bílar Ferrari yrðu eftirsóttari.**

**Einhverjir hafa bent á að yfirlýsing Ferrari byggist á öðru en útskýringum forstjórans og að greinilega stefni í minnkandi sölu á ofurbílum og að Lamborghini hafi þegar undirbúið sig fyrir minnkandi eftirspurn. Lamborghini seldi 2.083 bíla í fyrra og nam söluaukningin 30% frá fyrra ári. Þrátt fyrir þessa stefnu Ferrari ætlar fyrirtækið að ráða 250 nýja starfsmenn á næstunni en 200 þeirra eiga að smíða nýjar vélar fyrir Maserati-bíla.**



# HJÁLPA KAMBÓDÍU

**ÁKALL** *Sjö hjúkrunarnemar við Háskóla Íslands halda til Kambódíu í vikunni til að starfa á sjúkrahúsi og fræða börn um hreinlæti, forvarnir og næringu.*

Til Kambódíu höldum við út í óvissuna og án vitneskju um hversu frumstæðar aðstæðurnar á spítalanum eru. Við vitum þó að þar er skurðstofa, fæðingardeild og mikil fátækt," segir Sigrún Inga Gunnarsdóttir, ein sjö íslenskra hjúkrunarnema sem á fimmtudag halda til hjálparstarfa í bænum Samrong í Kambódíu.

„Okkur langaði til að prófa eitthvað nýtt því flestir sem farið hafa til hjálparstarfa úr hjúkrunardeildinni hafa farið til Afríku og þörf er á aðstoð víðar í heiminum," útskýrir Sigrún.

„Kambódía er eitt fátækasta land veraldar og enn í miklum sárum síðan Rauðu kmerarnir réðu þar ríkjum. Þá voru tvær milljónir Kambódíumanna, eða fjórðungur þjóðarinnar, drepnar, þeir dóu úr hungri, sjúkdómum eða af illri meðferð. Rauðu kmerarnir reyndu að útrýma menntafólki þjóðarinnar, kennurum, læknum og lögfræðingum, og landið býr enn við afleiðingar þeirra hörmunga," segir Sigrún.

Hún segir kambódíska karla geta vænst þess að lifa fram að sextugu og konur til 65 ára, en ævilengd í Kambódíu hefur lengst um tíu ár frá 1999.

„Kambódía er varhugaverður staður en heimamenn eru jákvæðir og aðstæður á uppleið. Þar leynast þó fjölmargar hættur og mikið um jarðsprengjur og aflimanir, vöggudauða og landlæga smitsjúkdóma. Við höfum því undirgengist mýmargar bólusetningar þótt aldrei sé hægt að bólusetja sig gegn öllu," upplýsir Sigrún.

Íslensku hjúkrunarfræðinemarnir verða í fjórar vikur að störfum í Kambódíu. Auk hjúkrunar á spítalanum fara þeir í skóla til að fræða börn um hreinlæti, forvarnir og næringu.



**HJARTAGÓÐAR** Þessar fara til Kambódíu. Frá vinstri: Þórunn Einarsdóttir, Sigríður Kamilla Alfreðsdóttir, Lára Guðríður Guðgeirsdóttir, Melkorka Rut Bjarnadóttir, Telma Björk Sörensen og Sigrún Inga Gunnarsdóttir. Á myndina vantar Hafdísi Guðnadóttur. MYND/GVA

„Vanþekking er mikil meðal almennings og forvörnum ábótavant. Því kennum við börnum að þvo hendur og bursta tennur til að forðast smit," segir Sigrún með svolítinn hnút í maganum en full tilhlökkunar.

„Þetta verður mikil lífsreynsla og vonandi lærdómsríkt fyrir okkur og heimamenn. Ég hlakka til að komast til Kambódíu eftir langan undirbúning og sjá hvað mætir okkur. Það er góð tilfinning að vera komin þetta langt í náminu og geta loks gert gagn og hjálpað eins og kostur er. Við gerum þó ekki meira en við ráðum við og megum neita verkum sem við teljum okkur ofviða."

Sigrún segir nokkur fyrirtæki og stofnanir hafa styrkt nemana til fararinnar með hjúkrunarvörum, litabókum, litum og fleiru.

„Við köllum þó enn eftir sárabindum og verkjalyfjum því fátæktin er mikil og þörfin mjög brýn."

Þeir sem vilja leggja íslensku hjúkrunarnemunum lið í Kambódíu er bent á netfangið hjalparstarf2013@gmail.com og bankanúmerið 156-05-102. Kennitala er 230590-3979. ■ **thordis@365.is**




Minna að fletta
**meira að frétta**

**visir.is**




BESTI FRÉTTA- OG AFÞREYINGARVEFURINN

**Úr umsögn dómnefndar:** *„Vefurinn býður upp á margskonar afþreyingu auk gífurlegs úrvals frétta. Vefurinn er léttur og skemmtilegur auk þess sem einfalt og fljótlegt er að finna það efni sem leitað er að."*

## MARKAÐUR Í BORGARNESI



**Áhugamannafélagið Ljómalind, sem er félag matar- og handverksfólks á Vesturlandi, mun opna markað í Borgarnesi næsta föstudag. Þar verður meðal annars boðið upp á fjölbreytt úrval matvöru frá Beint frá býli bændum, til dæmis kjöt, grænmeti, sultur og osta. Auk þess verða sumarblóm seld þar og ýmislegt handverk eins og ullarvörur, kort og gjafavara. Að Ljómalind standa þréttán einstaklingar sem koma víðs vegar að af Vesturlandi, flestir úr Borgarfirði en einnig úr Dölum og af Mýrum. Hluti hópsins stóð fyrir markaði í Borgarnesi fyrir síðustu jól og gekk hann svo vel að ákveðið var að gera meiri alvöru úr hugmyndinni. Markaðurinn verður staðsettur í Sólbakka 2 í Borgarnesi.**

Psyllium husk **husk fibre**

85% FÆÐU-TREFJAR

## BÆTIR STARFSEMI ÞARMANNA Á VÆGAN HÁTT

**Husk®fibre** er fæðubótarefni sem inniheldur malað hýði fræja af plöntu sem ber heitið Plantago Psyllium að viðbættu góðu, fersku sólberja- eða sítrónubragði. Psyllium inniheldur 85% fæðutrefjar.

**Husk®fibre** er einfalt og fljótlegt að taka inn – duftið er hrært út í vatn og drukkið samstundis. Að því loknu skal drekka annað glas af vökva.

**Lesið vandlega mikilvægar upplýsingar á pakkningu um notkun.**

***Eftirfarandi verslanir selja Husk®fibre:***
*Apótek Garðabæjar, Apótek Vesturlands, Apótekið, Árbæjar Apótek, Fræið í Fjarðarkaupum, Garðsapótek, Lyfja, Lyfjaval, Lyfjaver, Reykjavíkur Apótek.*




**Nánari upplýsingar eru á husk.dk**

E.BRIDDE ehf. | www.ebridde.is

HUSK



**TIL SÖLU FJORD**
Til sölu Fjord 730 skemmtibátur með 230hö volvo penta 290 drifi vél og drif lítið keyrt báturinn er vel tækjum búinn uppl í 896 2059

## Bílaþjónusta




## Hjólbarðar




**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

Til sölu 4 continental jeppa dekk. Stærð 275/70 R18. Notuð eitt sumar. Verð 80 þús. Uppl. í s. 557 2265 / 892 3446.

## Varahlutir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, kangoo. Renni diska og skálar. Óska eftir Toyotu Yaris til viðgerðar eða niðurrifs. S. 892 7852

**SMÁPARTAR.IS**
Eigum mikið úrval af varahlutum í Subaru árg. ,97 til ,02, Skoda Octavía árg. ,00 til ,07. Honda CR-V árg. ,05.W Polo ,07 Passat ,01. Suzuki Baleno árg. ,00. Smápartar.is Sími 5675040-7785040.

Eigum varahluti í þessa bíla. Kaupum bíla í niðurrif. Toyota 96-07, Subaru 95-05, Nissan 96-04, Mitsubishi 96-02, Ford 98-07, Mazda 323 95-99. Kia Sportage 97-02, Peugeot 96-01. Opið á laugardögum 10-16. Bílar og Partar, Iðavellir 9c, 230 Reykjanesbæ 421-7979 www.bilarogpartar.is

**EÐAL PARTAR**
Eigum varahluti í margar tegundir af Mercedes Benz og marga fleiri bíla. Kaupum bíla til uppgerðar og niðurrifs. Opið frá kl. 10-18 virka daga. Auðbrekka 4 (bakvið) S. 555 1159.

Varahlutir í Lancer 1,6 station ,97 1300 árg.'00.MMC Carisma ,98, Kia Rio ,01, primera ,98. Baleno Wagon ,97. MMC Space Wagon ,97, Kia Sephia ,99, Yaris ,00, Corolla ,94 ,'98, Escord ,98. Accent ,95 & ,97 & ,98, ,99. Impreza ,97 & ,99. Legacy ,98. Almera ,98. Carina ,97, Vento ,97, Lanos ,99, Elantra Wagon ,97 og ,99 Civic ,99. Golf ,95, Sunny ,94. S. 896 8568.

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315 & 699 6069.

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

**GAUI PÍP**
Getur bætt við sig verkefnum endurlagnir, viðgerðir, skólp, dren, snjóbræðsla. Uppl. s. 821 5789

## Hreingerningar

Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Gluggaþvottur. Gerum verðtilboð. www. hreingerningar.is S. 772 1450

## Garðyrkja




**GARÐAÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR**
**20% AFSLÁTTUR FYRIR ELDRI BORGARA.**
Öll almenn garðvinna! Trjáklippingar Beðahreinsanir, Trjáfellingar, þökulagnir, hellulagnir ofl. Fagleg vinnubrögð og sanngjarnt verð. s. 777-8100.










Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, Gokartþjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig viðgerðir á fjórhjólum. JS Vélaverkstæði. S. 554 0661.

**ÓDÝR GARÐSLÁTTUR**
Ódýr og mjög vandaður garðsláttur trjáklippingar fyrir húsfélög og einstaklinga. Engi ehf, sími 615-1605

**GARÐAUMSJÓN**
Öll almenn garðyrkja. Notfærið ykkur ódýra persónulega þjónustu. Halldór garðyrkjum. S. 698 1215

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Alhliða bókhaldsþjónusta fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Við stofnum einkahlutafélag, opnum vsk númer og komum þér af stað ókeypis. AP Bókhaldsþjónustan s. 698-8985 petur@apbokhald.is

**SKATTFRAMTAL 2013**
Framtalsþjónusta fyrir einstaklinga og rekstraraðila. Mikil reynsla - hagstætt verð. Uppl. í síma 517-3977 / 897-1877. www.fob.is.

## Málarar

**LISTVERK PAKMÁLUN**
Gerum föst tilboð í málningarvinnu úti sem inni. Sigurður S. 693 2625.
**Listverk Málningarþjónusta**
**Sigurður S. 693 2625**

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR**
20% afsláttur fyrir eldriborgara og örorkja. Alhliða málningarþjónusta. S. 778 0100.

**REGNBOGALITIR MÁLNINGARÞJÓNUSTA**
Getum bætt við okkur verkefnum. Uppl. s. 891 9890. malarar@simnet.is

**MÁLARAMEISTARI**
Getum bætt við okkur verkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Fáðu tilboð þér að kostnaðalausu . TréogMálun ehf. Kristján 692 5735.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

## Nudd

Nudd, nudd, nudd! Slökunarnudd frá 9-12. Rvk 101, s: 841 6795 Júlija.

## Spádómar




**908 1888**
Spásími Daddýar verð við næstu þrjár vikur frá kl. 14-20 virka daga. 250 kr. mín.

Símaspá, spái í spil, ræð drauma, ekkert mínutu gjald. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella.

## Rafvirkjun

**RAFVIRKJAR S. 618 2610**
Tökum að okkur alla almenna raflagnavinnu, nýlagnir og töflusmíðar. Eignaverk löggiltir rafverktakar.

**AH-RAF LÖGGILDIR RAFVERKTAKAR.**
Dyrasímakerfi, töfluskipti og öll almenn raflagnavinna. Tilboð/ tímavinna ahraf@ahraf.is Hermann s: 845-7711 Arnar s: 897-9845.

## Trésmíði

**INNRETTINGAR.IS**
Sérsmíðum innréttingar eftir þínum hugmyndum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

## Önnur þjónusta

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

**PARFNAST BÍLAPLANIÐ PRIFA EÐA VIÐHALDS?**
Við bjóðum upp á eftirfarandi:
Götusópun
Gangstéttarsópun
Þvott á götum, bílastæðum og gangstéttum Málun og merkingar á bílastæðum
Malbiks- og kantsteinaviðgerðir
Grasslátt og umhverfishreinsun
**Allar nánari upplýsingar veita ráðgjafar Íslenska Gámafélagsins. www.gamur.is**
**S: 577 5757 eða gamur@gamur.is**



**CAPRI COLLECTION/GREEN-HOUSE**
**LANGHOLTSVEGI 112B S.6952285**
Opið á morgun þriðjudag 14.maí frá 13-18 og laugardaginn 18.maí frá 10-14. Lokað er hjá okkur þriðjudaginn 21.maí og laugardaginn 25.maí. Opnum aftur 28.maí. Verið velkomin.



**BEAUTY IN BLACK HOLTSBÚÐ 61 GARÐABÆ**
Nýjir toppar með peysunum. Opið þrið-föst frá 13-18 Sími 6956679 www. beautyinblack.is

**Blekhylki.is**
Ódýr blekhylki í flesta prentara, ný verslun í Hagkaup Smáralind, einnig á Fjarðargötu 11 Hf og í síma 517-0150.

# KEYPT & SELT

## Til sölu



**GRÓÐURHÚS TILBOÐ !!!**
6fm með hertu gleri 230þ. 9fm með hertu gleri 330þ. KLIF ehf, S:552-3300.

**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**
Þvottavélar, ísskápar, þurrkara 10 KG, uppþvottavélar, Ford Exblorer ,96 nýskoðaður ,14, frystikista, eumenia með þurrkara, eldavélar, hjólastóll, mikið af ódýrum dekkjum og felgum. S. 896 8568.

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Verslun




## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsgögn

Nýleg húsgögn, uppþvottavél, ísskápur og borðstofuborð + 6 stólar til sölu. Uppl. í s. 690 9689.

## Heimilistæki

Siemens kæliskápur. 156cm á hæð 60cm á breidd. Winterpool Ísskápur 158cm á hæð, 71cm á breidd, 75cm dýpt. Uppl. í S. 896 6611

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Einstaklingsíbúð til leigu á svæði 201. e. kl. 17 s. 893 3475.

Góð 2herb. íbúð til leigu. Svæði 111 rvk, leiguverð 130 þús + hússj. Gæludýr ekki leyfð. Íbúðin er laus. Bankatrygging 390 þús. Uppl. 774 2501.

## Húsnæði óskast

**FULLKOMINN LEIGJANDI**
Læknir óskar eftir herbergi í Árbæ. Einnig mögulega Breiðholt, Háaleiti eða Bústaðahverfi. Langtímaleiga, reyklaus, góð umgengni, nægjusamur. Allt kemur til greina. S. 898 1357.

## Sumarbústaðir




Mikið úrval sumarbústaða til leigu út um allt land. Búngaló - www. bungalo.is

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu ca.85fm iðnaðarhúsnæði við Dalveg í Kópav. Uppl. e. kl. 17 s. 893 3475.

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**HÁRSNYRTISTOFA**
Hárgreiðslumeistari/atvinnutækifæri. Til leigu stóll. Áhugasamir sendið umsóknir á thjonusta@365.is

Apartment hotel in 101 RVK, seeks applicants for housekeeping. Both part and fulltime positions available. Please send applications to job@ apartmentk.is / Íbúðarhótel í miðborg RVK óskar eftir starfsfólki í þrif. Hlutastörf + full störf. Umsóknir sendast á job@apartmentk.is

**YFIRPERNA/ HEADHOUSEKEE**
Íbúðarhótel í miðborg RVK óskar eftir yfirþernu í fullt starf. 100% trúnaði heitið. 1-2 ára starfsreynsla skilyrði. Umsóknir sendast á thjonusta@365.is merkt „yfirþerna"

## til leigu

**JÖFUR** ATVINNUHÚSNÆÐI
**534 1020**
**Ármúla 7, Reykjavík - www.jofur.is**



**TIL LEIGU**
**Akralind 8, 201 Kópavogi**
125 fm. skrifstofa á 2. hæð

Uppl. um verð í síma



**Helgi Már Karlsson**
*Löggiltur leigumiðlari*
*Löggiltur fasteignasali*
**534 1024 / 897 7086**
**hmk@jofur.is**

Húsnæðið skiptist 3 lokaðar skrifstofur, opið rými og kaffistofu með aukinni lofthæð. WC í sameign. Hagstætt leiguverð. Virðisaukaskattur leggst við leigufjárhæð. Laust strax!

## Atvinna í boði

Símstöðin

**KVÖLD- OG HELGARVINNA.**
Við leitum að öflugu og skemmtilegu fólki til úthringinga. Fjölbreytt verkefni, tímakaup og bónusar. Lágmarksaldur 18 ára.
**Hringið í síma 776-7400 eða sendið mail á kvoldvinna@simstodin.is**

## TILKYNNINGAR

### Einkamál

**27 ÁRA KONA**
vill skemmta sér. Getur sent myndir. Rauða Torgið, 905-2000, 535-9920, #8542.

**MIÐALDRA KONA,**
hugguleg, þarfnast karlmanns nú þegar. Rauða Torgið, 905-2000, 535-9920, #8566.

**KONA, VILTU ÆVINTÝRI STRAX?**
Auglýstu frítt á Rauða Torginu, s. 535-9922.

## fundir / mannfagnaður

### Aðalfundur Þristavinafélagsins

Aðalfundur Þristavinafélagsins verður haldinn **þriðjudaginn 28. maí klukkan 17.30 á Hótel Natura í Reykjavík.**

Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins.

Félagsmenn eru hvattir til að fjölmenna á fundinn.

***Stjórnin***

### Aðalfundur
### Kópavogsdeildar Búmanna

Fundurinn verður haldinn á skrifstofu félagsins að Klett-hálsi 1, 2 hæð. Fundurinn verður **þriðjudaginn 21. maí 2013 og hefst kl. 17.00**
Dagskrá samkvæmt samþykktum félagsins. Félagsmenn og aðrir áhugasamir Kópavogsbúar eru velkomnir á fundinn.

Stjórnin.

### Aðalfundur
### Reykjavíkurdeildar Búmanna

Fundurinn verður haldinn á skrifstofu félagsins að Klett-hálsi 1, 2 hæð. Fundurinn verður **miðvikudaginn 22. maí 2013 og hefst kl. 17.00**
Dagskrá samkvæmt samþykktum félagsins. Félagsmenn og aðrir áhugasamir Reykvíkingar eru velkomnir á fundinn.

Stjórnin.

## atvinna

# Viðskiptastjóri á húsgagnasviði



**Starfssvið:**
- Ábyrgð, utanumhald og umsjón ákveðins hóps stærri viðskiptavina
- Sala og tilboðsgerð
- Frumkvæði við öflun nýrra viðskiptavina
- Annast kynningu á húsgagnalausnum og vörum fyrir viðskiptavini
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi og reynsla af sambærilegu starfi
- Reynsla af sölu og viðskiptum
- Þjónustulund og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð almenn enskukunnátta
- Haldgóð tölvuþekking og kunnátta á Navision er æskileg
- Áhugi á fallegri og framúrskarandi hönnun og áhugi á að selja gæðavörur

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Áhugasamir vinsamlegast sendið fyrirspurnir og umsóknir á atvinna@penninn.is fyrir 21.maí nk.

Penninn Grensásvegi 11 | sími 540 2000 | www. penninn.is | penninn@penninn.is

# GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR!

Óskum eftir klárum grafískum hönnuði í hlutastarf. Þarf að geta unnið sjálfstætt.
Sveigjanlegur vinnutími. Í boði er tímabundið starf hjá lifandi og skemmtilegu fyrirtæki.
Hæfniskröfur:
- Reynsla af augl.markaðnum.
- Þekking/kunnátta á InDesign og Photoshop.
- Skemmtileg(ur) persónuleiki.
- Skipulögð og markviss vinnubrögð.
- Áræðni og hugmyndaflug.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.










**Umsóknir sendist á rfl@rfl.is**
*Athugið upplýsingar eru ekki gefnar í síma.*

**Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.**
**Umsóknarfrestur er til 20.05.13**

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
**www.rumfatalagerinn.is**

## tilkynningar

Langanesbyggð

### Auglýsing deiliskipulagstillögu og umhverfisskýrslu

**Urðunarsvæði við Bakkafjörð, Langanesbyggð**

Tillaga að deiliskipulagi fyrir urðunarsvæði á Bakkafirði, Langanesbyggð, auk umhverfisskýrslu auglýsist hér með skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Um er að ræða 3.75 ha svæði norðaustan þéttbýlisins á Bakkafirði en með deiliskipulaginu er þar gert ráð fyrir áframhaldandi rekstri urðunar-, námu og geymslusvæði. Skipulagstillagan er gerð með fyrirvara um staðfestu og gildistöku Aðalskipulags Langanesbyggðar 2007-2027.

Tillagan verður til sýnis frá og með þriðjudeginum 14. maí 2013 til miðvikudagsins 26. júní 2013 á skrifstofu Langanesbyggðar að Fjarðarvegi 3 á Þórshöfn og í anddyri skrifstofunnar að Skólagötu 5 á Bakkafirði. Tillagan verður einnig aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins:
– www.langanesbyggd.is –

Skriflegar athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist umhverfis-, skipulags- og bygginganefnd eigi síðar en kl. 16:00 miðvikudaginn 26. júní 2013.

Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

**Sveitarstjóri Langanesbyggðar**

## fasteignir

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

### Þrastarás 17 - Hf. - Einbýli




**OPIÐ HÚS Í DAG, ÞRIÐJUD. 14. MAÍ FRÁ KL. 18-19.**
Sérlega vandað fullbúið 320 fm tvílyft einbýlishús með stórum tvöföldum bílskúr mjög vel staðsett á útsýnisstað í Áslandshverfinu í Hafnarfirði. 5 góð svefnherbergi. Vandaðar innréttingar og gólfefni eru í húsinu, gegnheilt rauðeikar parket og flísar, gólfhiti. Fullbúin afar vönduð eign í sérflokki. Glæsileg lóð. Góð staðsetning, útsýni. **Verð 79,5 millj.**
Hilmar Þór Bryde sölumaður s. 892-9694 verður á staðnum.
**Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.**

# Einstaklega glæsilegt

**vel skipulagt 256 fm. einbýlishús á vinsælum stað í Kórahverfinu**







**OPIÐ HÚS**
**Þriðjudag 14. maí 17:00 - 18:00**

### Gnitakór 3

- Húsið er teiknað af Vektor og sá Oddgeir Þórðarson, arkitekt hjá Go-Form um alla innanhússhönnun.
- Innréttingar eru sérsmíðaðar hjá Fagusi í Þorlákshöfn.
- Lýsing hönnuð af Lumex.
- Garðurinn hannaður af Ólafi Melsted landslagsarkitekt.
- **Góð fjárfesting fyrir réttan aðila. Makaskipti skoðuð.**



Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir,** Sölufulltrúi
jorunn@miklaborg.is **sími:** 845 8958



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

FASTEIGNASALAN MIKLABORG 569 7000 Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

Verð: **93,0 millj.**

- með þér alla leið -

# VORÚTSALA

## ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

## MÖRG HUNDRUÐ VÖRUR Á ÚTSÖLUNNI

Philips Bluetooth
HÖGGVARINN HÁTALARI
Frábær í fríið.
Verð aðeins 19.990
Fullt verð 49.990
Sparið 30.000
60% AFSLÁTTUR

Philips 32“ 3D
Ambilight SJÓNVARP
Verð áður 219.990
Tilboð 149.990
Sparið 70.000
32% AFSLÁTTUR

Panasonic 55“ 3D
SmartViera SJÓNVARP
Verð áður 499.990
Tilboð 399.990
Sparið 100.000
20% AFSLÁTTUR

Panasonic 1000w 5.1
3D HEIMABÍÓ
Verð áður 149.990
Tilboð 99.990
Sparið 50.000
33% AFSLÁTTUR

Epson 3D
HEIMABÍÓSKJÁVARPI
Verð áður 199.990
Tilboð 159.990
Sparið 40.000
20% AFSLÁTTUR

Panasonic 32“ Full HD
LED SJÓNVARP
Verð áður 129.990
Tilboð 94.990
Sparið 35.000
27% AFSLÁTTUR

Thomson 39“ Full HD
LED SJÓNVARP
Verð áður 119.990
Tilboð 89.990
Sparið 30.000
25% AFSLÁTTUR

Panasonic 2.1 3D
HEIMABÍÓKERFI
Verð áður 84.990
Tilboð 59.990
Sparið 25.000
29% AFSLÁTTUR

Olympus Pen DSLM
MYNDAVÉL MEÐ LINSU
Verð áður 79.990
Tilboð 59.990
Sparið 20.000
25% AFSLÁTTUR

JBL BÍLHÁTALARAR
með allt að
41% AFSLÆTTI

HEYRNARTÓL
með allt að
40% AFSLÆTTI

MYNDAVÉLAR
með allt að
38% AFSLÆTTI

HLJÓMTÆKI
með allt að
39% AFSLÆTTI

OPIÐ VIRKA DAGA 9-18 - LAUGARDAGA 10-16    SJÁIÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS

Alltaf gæði og góð kaup!
STOFNAÐ 1971

# Sjónvarpsmiðstöðin

SanDisk MINNISKORT
ALLAR GERÐIR

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

# BAKÞANKAR

SÖRU MCMAHON



## Fjölþjóðleg flækja

Góðan dag. Er þessi trefill rétt merktur? Getur verið að hann kosti 4.000 krónur?“
„No. It is 400 krónur.“
„Nú jæja, þá ætla ég að fá hann.“
„Yes. 400 krónur, please.“
„Gjörðu svo vel.“
„Thank you. Have a nice stay.“

**ÞETTA** samtal átti sér stað í raunveruleikanum haustið 2009 þegar ég var stödd í verslun sem selur notaðar flíkur. Samtalið átti ég við íslenska afgreiðsludömu á sextugsaldri. Sú virtist alveg sannfærð um að ég stæði við afgreiðsluborðið og ræddi við hana á öðru tungumáli en okkar ylhýra, og það þrátt fyrir skýran og greinargóðan framburð minn. Það sem meira er; þetta er hvorki fyrsta né eina skiptið sem ég lendi í aðstæðum sem þessum.

**ANNAÐ** dæmi átti sér stað árið 2006. Ég sat á öldurhúsi og ræddi við barþjóninn á ensku. Stúlkan hafði talið mig spænska og því ávarpað mig á ensku þegar hún afgreiddi mig. Ég hélt aftur á móti að hún hlyti að vera útlensk fyrst hún talaði ensku, ég get viðurkennt að mér fannst hún líka þessleg í útliti. Í nokkra mánuði fóru öll okkar samskipti fram á enskri tungu þar til sameiginleg vinkona okkar benti á að við værum í raun báðar íslenskar og gætum því sleppt enskunni.

**EKKI** eru allir Íslendingar ljósir yfirlitum, bláeygðir og rjóðir í kinnum og með hár, mikið og gult. Nei, nei. Sumir eru dökkir á hörund og aðrir eru brúneygðir, nokkrir eru hlekkir eitthvað annað og einhverjir eru fæddir annars staðar en alast upp á okkar hrjóstruga landi.

**VIÐ** búum í fámennu en alþjóðlegu samfélagi þar sem Jón og Gunna búa í sátt og samlyndi við José og Yuliu. Fyrst við erum orðin svo fjölþjóðleg, væri ekki eðlilegast að grípa fyrst til íslenskunnar þegar við eigum í samskipti hvert við annað áður en enskan er prófuð?

# MYNDASÖGUR

### PONDUS

Eftir Frode Øverli




### HANDAN VIÐ HORNIÐ

Eftir Tony Lopes




### BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




# SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | 6 | | | 7 | | 2 | |
| 4 | | 7 | | | | | | 6 |
| | 9 | | | | 4 | | | |
| | | 3 | 2 | | 6 | 5 | 9 | |
| | 4 | | | 9 | | 8 | 3 | |
| | | | 3 | 8 | | | | |
| | | | 8 | 1 | | | | 5 |
| 2 | 6 | | | | | | | |
| 1 | | | 5 | | | | | 4 |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 8 | | | | | | 1 |
| | 9 | | 4 | | | 5 | 8 | |
| 5 | | | 1 | | 3 | | 9 | |
| | 3 | | | 2 | 7 | | | |
| | 4 | 7 | 8 | | | 2 | | 3 |
| 2 | | | | | | 7 | | |
| | | | | | | 3 | | |
| | 1 | | 2 | 5 | 6 | 8 | | |
| 8 | | | | | | | 1 | 5 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 3 | | | | 7 | 1 |
| | 7 | 5 | | | | | | 2 |
| 6 | | 1 | | 2 | | | 3 | |
| 5 | 3 | | | | | | | 9 |
| 9 | | 6 | 7 | | | | | 5 |
| | | | 8 | 5 | | | 4 | |
| 7 | | 4 | | | 6 | | | |
| | | | 1 | 3 | | | | |
| | 9 | | | | | | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 3 | 8 | 7 | 9 | 1 | 5 | 4 | 2 |
| 5 | 7 | 4 | 8 | 3 | 2 | 9 | 6 | 1 |
| 1 | 2 | 9 | 4 | 5 | 6 | 8 | 3 | 7 |
| 3 | 4 | 1 | 2 | 7 | 8 | 6 | 9 | 5 |
| 7 | 6 | 5 | 1 | 4 | 9 | 2 | 8 | 3 |
| 8 | 9 | 2 | 3 | 6 | 5 | 7 | 1 | 4 |
| 9 | 8 | 3 | 5 | 2 | 4 | 1 | 7 | 6 |
| 2 | 1 | 7 | 6 | 8 | 3 | 4 | 5 | 9 |
| 4 | 5 | 6 | 9 | 1 | 7 | 3 | 2 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 1 | 2 | 3 | 8 | 5 | 9 | 4 | 6 |
| 3 | 4 | 8 | 6 | 7 | 9 | 5 | 1 | 2 |
| 5 | 6 | 9 | 1 | 2 | 4 | 7 | 8 | 3 |
| 6 | 5 | 4 | 7 | 9 | 1 | 2 | 3 | 8 |
| 9 | 7 | 1 | 8 | 3 | 2 | 4 | 6 | 5 |
| 2 | 8 | 3 | 4 | 5 | 6 | 1 | 7 | 9 |
| 8 | 9 | 6 | 2 | 1 | 7 | 3 | 5 | 4 |
| 4 | 2 | 7 | 5 | 6 | 3 | 8 | 9 | 1 |
| 1 | 3 | 5 | 9 | 4 | 8 | 6 | 2 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 7 | 1 | 3 | 5 | 2 | 4 | 9 | 6 |
| 9 | 3 | 6 | 4 | 1 | 7 | 2 | 5 | 8 |
| 2 | 4 | 5 | 6 | 8 | 9 | 7 | 1 | 3 |
| 1 | 8 | 9 | 5 | 7 | 3 | 6 | 2 | 4 |
| 3 | 6 | 7 | 2 | 4 | 1 | 5 | 8 | 9 |
| 4 | 5 | 2 | 8 | 9 | 6 | 1 | 3 | 7 |
| 5 | 9 | 3 | 7 | 2 | 4 | 8 | 6 | 1 |
| 6 | 2 | 4 | 1 | 3 | 8 | 9 | 7 | 5 |
| 7 | 1 | 8 | 9 | 6 | 5 | 3 | 4 | 2 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# KROSSGÁTA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** fría, **6.** skammstöfun, **8.** þukl, **9.** til sauma, **11.** tveir eins, **12.** þvaðra, **14.** högg, **16.** tveir eins, **17.** hyggja, **18.** forsögn, **20.** org, **21.** bannhelgi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** bak, **3.** klafi, **4.** hugarró, **5.** kraftur, **7.** sjampó, **10.** þunnur vökvi, **13.** ílát, **15.** hvolf, **16.** kærleikur, **19.** í röð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** losa, **6.** eh, **8.** káf, **9.** nál, **11.** ll, **12.** drafa, **14.** spark, **16.** áá, **17.** trú, **18.** spá, **20.** óp, **21.** tabú.

**LÓÐRÉTT: 1.** lend, **3.** ok, **4.** sálarró, **5.** afl, **7.** hársápa, **10.** lap, **13.** fat, **15.** kúpa, **16.** ást, **19.** áb.

# SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Dagur Arngrímsson (2.390) byrjaði vel á EM einstaklinga. Í fyrstu umferð tefldi hann mikla fórnarskák gegn króatíska stórmeistaranum og landsliðsmanninum Zdenko Kozul (2.624).**

**Hvítur á leik**



32. Hxd7+! Kxd7 33. e6+ Ke7 34. exf7 og hvítur vann öruggan sigur skömmu seinna.

Hægt er að fylgjast með EM einstaklinga á **www.skak.is.**

VORHREINSUN RÝMUM TIL FYRIR NÝJUM VÖRUM

RÚMGAFLAR | STILLANLEG RÚM | HEILSUDÝNUR | SVEFNSÓFAR | HÆGINDASTÓLAR | SÆNGUR | HEILSU- OG DÚNKODDAR | SÆNGURFÖT | LÖK O.FL.




Faxafeni 5, Reykjavík og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 588 8477 • www.betrabak.is



# TÆKNIDAGUR

## TÆKNI- OG VERKFRÆÐIDEILDAR HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

Kynntu þér rafbílaverkefni, hvalahlustunarbauju, talandi róbot, burðarvirkjahönnun, háspennulínur og margt, margt fleira á Tæknidegi HR **föstudaginn 17. maí kl. 13–16.**

Á Tæknideginum er sýndur afrakstur verklegra námskeiða og rannsókna innan tækni- og verkfræðideildar HR.

DAGSKRÁ:

13:00–14:00
**PRUFUKEYRSLA Á ÞRIGGJA VIKNA VERKEFNI FYRSTA ÁRS NEMENDA Í VÉL- OG ORKUTÆKNIFRÆÐI**
Í portinu við vélsmiðjuna (V118).

14:00–15:00
**UPPSKERUHÁTÍÐ ÞRIGGJA VIKNA NÁMSKEIÐA TÆKNI- OG VERKFRÆÐIDEILDAR HR**
Nemendur sýna verkefni sín, innandyra sem utan, í Háskólanum í Reykjavík.

| | |
|---|---|
| • Sjálfráður iðnróbot í fullu fjöri | Stofa V207, rafeindatæknistofa |
| • Hvalahlustunarbauja | Stofa V207, rafeindatæknistofa |
| • Orka og sjálfbærni, vindmyllu- og sólarorkuver í Flugumýri | Rauða húsið á lóð HR |
| • Umhverfisvæn lýsing í Flugumýri | Rauða húsið á lóð HR |
| • Frá bensíni yfir í rafmagn – rafbílaverkefni HR | Stofa V117, orkutæknistofa |
| • Tölvustudd hönnun í þrívídd og smíði vélbúnaðar | Stofa V105 og V118, vélsmiðjan |
| • Tesla spóla spilar tónlist | Stofa V103 |
| • Háspennulínur og strengir | Stofa V103 |
| • Álagsgreining fyrir loftfimleika | Stofa V104 |
| • Vöðvarit í hné | Stofa V107 |
| • Samhæfing á myndavélum fyrir hreyfigreiningu | Stofa V107 |
| • Spyrna í gervifæti | Stofa V107 |
| • Veðurhjúpurinn – hönnun, framkvæmd, reynsla – skoðun á nýlegum kirkjum | Stofa V111 |
| • Burðarvirkjahönnun húsbygginga | Stofa V112 |
| • Tölvustudd hönnun og álagsprófun á álbitum | Stofa V116, byggingartæknistofa |
| • Burðarþolsprófun á timbri | Stofa V116, byggingartæknistofa |
| • Talandi róbot með sónarsjón | Stofa V110 |
| • Vöruþróun frá upphafi til enda – opnar kynningar á verkefnum nemenda | Stofa V108 |
| • Hermun – opnar kynningar á verkefnum nemenda | Stofa V102 |
| • Verkefnastjórnun – leiðin til árangurs | Fyrir framan stofu V113 |

15:00–16:00
**VIÐURKENNINGAR FYRIR BESTU LOKAVERKEFNI Í TÆKNIFRÆÐI**
**Ari Kristinn Jónsson, rektor, býður gesti velkomna** í stofu V102. Sérstakir boðsgestir eru afmælisárgangar tæknifræðinga. **Önundur Jónasson**, formaður Tæknifræðingafélags Íslands, veitir viðurkenningar fyrir framúrskarandi lokaverkefni.

Nemendur sem hljóta viðurkenningar kynna lokaverkefni sín:
**Prófanir á ljósastaur úr basalttrefjastyrktu plastefni**: Guðmundur Þorsteinn Bergsson.
**Endurbætur á rennum í flæðilínu – möguleikar Marel til að framleiða þunnskelja íhluti úr plasti**: Halldór Þorkelsson.
**Sjálfvirk upprödun álstanga úr framleiðslu HDC – greining vandamála og úrbótatillaga í framleiðsluferli við HDC vél Fjarðaráls**: Sverrir Haraldsson.
**Áhrif fylliefna á skammtímaformbreytingar í gólflögnum án álags**: Valgeir Ólafur Flosason.

**AÐGANGUR ER ÓKEYPIS OG ALLIR VELKOMNIR**

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST

www.hr.is

CISV iceland
building global friendship

**Hvað er CISV?**

CISV – Building global friendship - eru alþjóðleg friðarsamtök óháð stjórnmálum og trúarbrögðum. Samtökin voru stofnuð af barnasálfræðingnum Dr. Doris Allen eftir seinni heimsstyrjöldina. Hugmynd Dorisar var sú að börn frá ólíkum löndum kæmu saman, lærðu að lifa saman á grundvelli umburðarlyndis og jafnréttis, lærðu að hugsa og draga ályktanir í anda alþjóðavitundar og vinna þannig að friði í heiminum.

**Einstakt tækifæri fyrir ævintýragjörn ungmenni frá 11 – 15 ára.**

**CISV – Buildin global friendship - heldur yfir 50 sumarbúðir á hverju ári og í hverjum búðum erum þátttakendur frá 16 þjóðlöndum. Ennþá er laust í eftirfarandi sumarbúðir:**

**Village (sumarbúðir) fyrir 11 ára:**
- Ísland – 21. júní – 18. júlí – laust fyrir stelpu
- Bandaríkin – 28. júní – 25.júlí – laust fyrir stelpu

**Youth meeting:**
- Noregur – 3. ágúst – 10. ágúst – laust fyrir 12 – 13 ára stráka
- Pólland – 5. júlí – 19. júlí - laust fyrir 14 – 15 ára stráka

**Nánari upplýsingar gefur Ásta í síma 861 1122 eða á cisv@cisv.is www.cisv.is**

**Ert þú 21 árs eða eldri?**
**Viltu taka þátt í spennandi verkefni í sumar?**
**Hefur þú gaman af því að vinna með börnum og unglingum?**

CISV – Building global friendship - leitar að sjálfboðaliðum til að taka þátt í því frábæra starfi samtakanna í sumar.
Við sendum börn/unglinga í fjögurra vikna alþjóðlegar sumarbúðir (village) fyrir 11 ára börn og Youth meeting fyrir 12 – 13 ára börn og 14 – 15 ára unglinga. Við leitum við að einstaklingum sem eru 21 árs eða eldri til að vera fararstjórar fyrir þessa hópa. Ennþá eru nokkur pláss laus. Þessar búðir eru bæði hérlendis og erlendis.
Fararstjórar bera engann kostnað við ferð í sumarbúðir.

**Fyrir nánari upplýsingar um fararstjóra hafið samband við Arnór Fannar sími: 822 1319 eða á fararstjori@cisv.is**



**DAN BROWN** Nýjustu bókar hans, Inferno, er beðið með mikilli eftirvæntingu og er hún þegar komin í efsta sæti á metsölulista Amazon í krafti forsölu.

# Hangir á hvolfi til að losna við ritstíflu

**Nýjasta bók Dans Brown kemur út í dag. Erlendir þýðendur þurftu að fara í lokaðar búðir til að fá aðgang að handritinu. Kemur út á íslensku í haust.**

Metsöluhöfundurinn Dan Brown beitir óvenjulegri aðferð til að losna við ritstíflu; hann hangir á hvolfi í sérútbúinni grind sem hann er með á skrifstofu sinni.

Brown sagði blaðamanni Sunday Times frá þessu óvanalega húsráði í viðtali um helgina. Tilefnið var næsta bók höfundarins, Inferno, sem kemur út á morgun. Bóksalar gera ráð fyrir að hún verði mest selda bók ársins, en hún trónir nú þegar á toppi metsölulista Amazon í krafti forsölu. Fyrsti dómurinn birtist í New York Times á sunnudag. Ritrýnirinn er hæstánægður með verkið, segir Brown vefa alla þræði haganlega og hann sé nógu gáskafullur til að gera bókina að góðri afþreyingu; honum hafi tekist að skrifa eins konar „50 gráa skugga táknfræðinnar“.

Brown er annars þögull sem gröfin um söguþráð bókarinnar, fyrir utan að bókin byggir á Gleðileiknum guðdómlega eftir Dante, og segir að þetta verði sín „myrkasta bók hingað til“.

Dan Brown er einn alvinsælasti rithöfundur heims. Da Vinci lykillinn hefur selst í um 82 milljónum eintaka en síðasta bók hans, Týnda táknið, hefur verið prentuð í yfir 30 milljónum eintaka á mörgum tungumálum.

Til marks um eftirvæntinguna eftir bókinni stóð erlendum útgefendum til boða að senda þýðendur í eins konar „þýðendabúðir“, þar sem þeir fengu aðgang að handritinu. Á meðan á því stóð höfðu þeir ekki aðgang að netinu og máttu ekki hafa símasamband við neinn nema fjölskyldu sína og útgefendur.

Bjartur er útgefandi Dans Brown á Íslandi og er Inferno væntanleg í íslenskri þýðingu síðsumars eða í haust.

„Við erum á of litlum markaði til að senda þýðanda út,“ segir Guðrún Vilmundardóttir hjá Bjarti, sem fær handritið sent til þýðingar á miðnætti í kvöld – um leið og bókin kemur út. Ingunn Snædal og Arnar Matthíasson þýða bókina saman. - bs

Hagsmunaaðilakynning* vegna tillögu að nýju deiliskipulagi Vesturbugtar við Gömlu höfnina, breyttu deiliskipulagi Nýlendureits ásamt tillögu að breytingu á aðalskipulagi Mýrargötu.

Fimmtudaginn 16. maí
kl. 17:00 – 18:30
Kynningin verður haldin í Víkinni, sjóminjasafninu við Grandagarð 8.

Veittur verður frestur til að skila inn ábendingum og athugasemdum til 30. maí 2013.
Athugasemdir/ábendingar skal senda á netfangið skipulag@reykjavik.is og verður þeim ekki svarað skriflega heldur eru þær innlegg í áframhaldandi vinnu.

Fundurinn er öllum opinn og er vonast til að sem flestir sjái sér fært að mæta.




*skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Reykjavíkurborg
www.skipbygg.is



**EYJA** Í verkinu er rýnt í stöðu konunnar og kröfurnar sem gerðar eru til hennar í samfélagi sem einkennist af hraða og áreiti.

# Af dýnum og stúdínum

Útskriftarnemar í samtímadansi við LHÍ sýna lokaverkefni sín í Þjóðleikhúsinu.

Nemendur á samtímadansbraut við Listaháskóla Íslands frumsýna tvö ný íslensk dansverk í Þjóðleikhúsinu í dag.

Um er að ræða lokaverkefni nemenda á þriðja ári sem útskrifast nú í vor með B.A.-próf af samtímadansbraut leiklistar- og dansdeildar Listaháskóla Íslands.

Annað verkið nefnist Eyja en þar er rýnt í birtingarmynd „íslensku konunnar“ og stöðu hennar innan samfélagsins; hvernig hún bregst við kröfum nútímans í samfélagi hraða og áreitis. Danshöfundar eru Sveinbjörg Þórhallsdóttir og útskriftarhópurinn.

Hitt verkið nefnist Áferð. Verkið var samið út frá dýnum, sem leika stórt hlutverk í verkinu og má vart greina á milli þeirra og dansaranna. Höfundar verksins eru Margrét Bjarnadóttir, Saga Sigurðardóttir og útskriftarhópurinn.

Útskriftarnemendur af samtímadansbraut 2013 eru Anna Kolfinna Kuran, Arna Sif Gunnarsdóttir, Arndís Benediktsdóttir, Berglind Ýr Karlsdóttir, Elín Signý W. Ragnarsdóttir, Elísabet Birta Sveinsdóttir, Gígja Jónsdóttir, Guðrún Selma Sigurjónsdóttir og Halla Þórðardóttir.



**ÁFERÐ** Dýnur eru í lykilhlutverki í þessu verki, þar sem dansararnir og dýnurnar renna nánast saman í eitt.

Verkin verða sýnd á stóra sviði Þjóðleikhússins og verða alls þrjár sýningar. Frumsýning er í kvöld klukkan 20 en tvær sýningar verða á morgun klukkan 17 og 21. Aðgangur er ókeypis en það þarf að panta miða á leiklist@lhi.is.











FAKTUM eldhúslínan hefur verið hluti af vöruúrvali IKEA í yfir 20 ár. Með henni hefur IKEA gert fjölmörgum kleift að eignast draumaeldhúsið sitt sem á eftir að þjóna þeim enn um árabil, við ábyrgjumst það.

Vörurnar okkar eru stöðugt í þróun og þann 3. júní kemur nýja eldhúslínan okkar, METOD, á markað.

FAKTUM verður selt í IKEA til 2. júní og áfram verður boðið upp á fulla þjónustu fyrir línuna í tvö ár eftir að sölu er hætt.

Nú er því tilvalið að koma og kaupa það sem vantar í innréttinguna þína, eða nota tækifærið og bæta við eða breyta til.

Þú finnur allar nánari upplýsingar á **www.IKEA.is**

IKEA®

# Þungarokksfræði í háskólanum

## Hluti af BA-náminu getur verið að læra um Metallica og Black Sabbath.

Háskólinn New College Nottingham í Englandi mun frá og með haustinu bjóða upp á kennslu í þungarokksfræðum. Námið tekur tvö ár og er hægt að nýta sem hluta af BA-gráðu frá skólanum, en talið er að námið sé það fyrsta sinnar tegundar í heiminum.

Tilvonandi nemar í þungarokksfræðum við skólann munu meðal annars læra að semja og spila þungarokkslög og einnig fræðast um sögu þungarokksins, lykilfólk innan stefnunnar og tónlistarbransann eins og hann snýr að þungarokki.

Liam Maloy, sem eyddi sjö mánuðum í að undirbúa námsleiðina, þvertekur fyrir að um léttvægt nám sé að ræða, en nokkuð hefur borið á gagnrýni þess eðlis ytra eftir að fréttir af náminu spurðust út. „Námið er hluti af gráðu, svo það verður strangt,“ segir Maloy í viðtali við BBC. „Þungarokk hefur sjaldan verið tekið alvarlega og er oft talið skorta fræðilegan trúverðugleika þegar það er borið saman við aðrar tónlistarstefnur eins og djass og sígilda tónlist. En það er bara menningarleg túlkun.“



**METALLICA** Nokkuð hefur borið á gagnrýni á nám í þungarokksfræðum. Höfundur námsleiðarinnar þvertekur fyrir að það sé léttvægt.


**Knattspyrnufélagið Haukar –húsvarsla**

**Óskum eftir að ráða konu í starf húsvarðar/baðvarðar í Íþróttamiðstöð Hauka að Ásvöllum. Um vaktavinnu er að ræða.**

Starfshlutfall er 80%. Viðkomandi þarf að geta hafið störf strax. Um tímabundna ráðningu er að ræða.

Áhugasamir sendi tölvupóst á magnus@haukar.is.


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**ÞRIÐJUDAGUR 14. MAÍ 2013**



### Tónleikar

**12.15 Þær Erla Björg Káradóttir og Hanna Þóra Guðbrandsdóttir syngja aríur og dúetta eftir Bellini, Puccini og fleiri á hádegistónleikum Íslensku óperunnar sem haldnir eru í Norðurljósasal Hörpu. Píanóleikari er Antonía Hevesi.**

**20.00** Útskriftartónleikar Lilju Bjarkar Runólfsdóttur frá tónlistardeild Listaháskólans í Þjóðleikhúsinu kl. 20.00. Verk Lilju, sem útskrifast með BA-gráðu í tónsmíðum, er tónlistin við dansverkið Eyja sem útskriftarnemendur í dansi sýna. Einnig flutt miðvikudaginn 15. maí kl. 17 og 20.

**20.00** Kór Hjallakirkju flytur syrpur úr vinsælum söngleikjum og kvikmyndum í kirkjunni. Jóhann Sigurðarson leikari og stórsöngvari syngur einsöng ásamt nokkrum kórfélögum. Aðalheiður Þorsteinsdóttir leikur á flygilinn. Söngstjóri er Jón Ólafur Sigurðsson.

**20.00** Útskriftartónleikar Elínar Arnardóttur í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar. Elín útskriftast með BMus-gráðu í píanóleik frá Listaháskólanum í vor. Á efnisskrá eru meðal annars verk eftir Bach, Liszt og Chopin. Allir velkomnir.

**20.30** Vortónleikar Mosfellskórsins haldnir í Árbæjarkirkju.

### Dans

**20.00** Nemendur á samtímadansbraut LHÍ frumsýna tvö ný íslensk dansverk. Sýningin er lokaverkefni nemenda á 3. ári sem útskrifast nú í vor með BA gráðu af samtímadansbraut leiklistar- og dansdeildar Listaháskóla Íslands.

### Tónlist

**20.30** Kvartett trommuleikarans Kára Árnasonar kemur fram á djasskvöldi á Kex, Skúlagötu 28.. Aðrir hljóðfæraleikarar eru Steinar Sigurðarson á saxófón, Andrés Þór Gunnlaugsson á gítar og Þorgrímur Jónsson á kontrabassa.

### Útivist

**20.00 Anna Ólafsdóttir Björnsson leiðir kvöldgöngu á Álftanesi. Mæting í Bókasafni Álftaness, í Álftanesskóla, Eyvindarstaðavegsmegin. Gengið verður frá bókasafninu meðfram Bökkunum þar sem sjósókn á smærri bátum hefur verið stunduð frá landnámi til okkar daga.**



*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*





ÍKVÖLD KL. 20:05

MODERN FAMILY

Einn vinsælasti gamanþáttur í heimi í dag. Líf nútíma-fjölskyldunnar er snúið og á köflum sprenghlægilegt.



Í KVÖLD KL. 20:30

HOW I MET YOUR MOTHER

Frábær gamanþáttur um vinina sem ýmist styðja hvorn annan eða stríða, allt eftir því sem við á.

DREPFYNDNIR
ÞRIÐJUDAGAR

Með áskrift að Stöð 2 fylgja:

BÍÓ GULL krakkar POPP TÍVÍ



Í KVÖLD KL. 20:50

TWO AND A HALF MEN

Ashton Kutcher hefur heldur betur slegið í gegn eftir að hafa tekið við hlutverki Charlie Sheen í Two and A Half Men.



GULL Í KVÖLD KL. 21:25

COLD FEET

Bráðskemmtilegir breskir þættir um fólk á fertugsaldri sem tekst á við raunir dagsins.



POPP TÍVÍ Í KVÖLD KL. 20:50

FM 95BLÖ

Frábær skemmtiþáttur með Auddu Blö og félögum.

Fáðu þér áskrift
512 5100
stod2.is

HD

FÍTON / SÍA


# SPORT





**EVRÓPUMEISTARAR** Þórey Rósa og Rut fögnuðu titlinum vel og innilega. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Fögnuðum í sautján klukkutíma rútuferð

Þórey Rósa Stefánsdóttir og Rut Jónsdóttir urðu um helgina Evrópumeistarar í handbolta kvenna eftir sigur á franska liðinu Metz í EHF-bikarkeppninni. Liðið getur einnig orðið danskur meistari í næstu viku og því unnið tvöfalt.

**HANDBOLTI** Ísland eignaðist tvo nýja Evrópumeistara í handbolta um helgina er danska liðið Team Tvis Holstebro fagnaði sigri í EHF-bikarkeppninni. Landsliðskonurnar Þórey Rósa Stefánsdóttir og Rut Jónsdóttir leika báðar með liðinu.

„Ég náði varla að sofa í nótt,“ sagði Þórey Rósa í samtali við Fréttablaðið en hún var þá komin heim til sín til Danmerkur eftir sautján tíma rútuferð frá Frakklandi, þar sem síðari úrslitaleikurinn fór fram.

„Þetta var löng og skemmtileg ferð – algjör partírúta. Það var tekið í gítar, þó svo að það hafi verið erfitt að púsla saman dönskum, þýskum og íslenskum lögum. En það var gaman hjá okkur,“ bætir hún við í léttum dúr.

Sigur Team Tvis var dramatískur. Liðið tapaði fyrri leiknum á heimavelli með fjögurra marka mun og var því ekki líklegt til afreka í Frakklandi.

„Það höfðu fáir trú á okkur nema við sjálfar. Við spiluðum illa í fyrri leiknum en sigurinn varð bara enn sætari fyrir vikið.“

Hún neitar því ekki að þær frönsku hafi virst ansi sigurvissar fyrir seinni leikinn. „Þær fögnuðu sigrinum í Danmörku eins og þetta væri klappað og klárt. Svo töluðu þær í blöðunum í Frakklandi um að þetta væri aðeins spurning um hversu stór sigurinn yrði í seinni leiknum,“ segir Þórey Rósa og segir að það hafi hvatt leikmenn Team Tvis til dáða.

„Við höfum sjálfar lent í því að vinna fyrri leikinn en tapa svo þeim síðari. Við vorum komnar með blóð á tennurnar og ætluðum ekki að gefast upp. Enda fann maður það á þeim að þær voru í hálfgerðu sjokki í seinni hálfleik. Það var hræðsla í augunum þeirra.“

Nú eru fram undan tveir úrslitaleikir gegn Midtjylland um danska meistaratitilinn en fyrir fram reikna flestir með sigri Midtjylland. „Þær hafa unnið áður og þekkja það vel. Nú þurfum við að koma okkur niður á jörðina en ég er viss um það að svona góður árangur í Evrópukeppni gefur manni sjálfstraust fyrir þessa leiki. Það er ekkert gefið í þessu.“

eirikur@frettablaidi.is

## Er með nagandi samviskubit

Handboltaparið Einar Ingi Hrafnsson og Þórey Rósa Stefánsdóttir hefur náð að spila bæði með sterkum liðum í Danmörku og Þýskalandi undanfarin ár. Nú eru þau í Danmörku þar sem Þórey Rósa varð Evrópumeistari með Team Tvis Holstebro. Einar Ingi komst í undanúrslit úrslitakeppni dönsku úrvalsdeildarinnar með spútnikliði Mors-Thy.



En fyrr í vetur lá ljóst fyrir að Einar Ingi myndi ekki framlengja samning sinn við Mors-Thy. Þá tóku þau ákvörðun um að söðla um. Einar segir að framtíð þeirra sé enn óljós og að staðan sé flókin.

„Ég er með mjög mikið samviskubit – án gríns,“ sagði Einar Ingi, enda erfitt fyrir Þóreyju Rósu að fara frá liði sem er nýkrýndur Evrópumeistari og getur orðið Danmerkurmeistari í næstu viku.

„Við erum að vinna í þessu og erum vongóð um að finna lendingu sem við erum bæði ánægð með. Við sættum okkur þó ekki við hvað sem er. En ég viðurkenni að þetta eru ekki skemmtilegustu aðstæður í heimi enda markaðurinn afar erfiður.“

Hann kveður Mors-Thy sáttur. „Við vorum grátlega nálægt því að komast í lokaúrslitin en nú ætlum við að klára þetta með því að vinna bronsleikinn gegn Skjern.“

**FRAM 1-1 FYLKIR**

**Laugardalsv.**
1003 áhorfendur
**Guðm. Árs. Guðm. (5)**

**Mörkin:** 1-0 Steven Lennon (65.), 1-1 Viðar Örn Kjartansson (87.).

**FRAM (4-3-3): *Ögmundur Kristinsson 6** - Alan Lowing 5, Bjarni Hólm Aðalsteinsson 5, Ólafur Örn Bjarnason 5, Jordan Halsman 4 – Jón Gunnar Eysteinsson 4, Sam Hewson 5 (82. Hólmbert Aron Friðjónsson -), Viktor Bjarki Arnarsson 3 – Haukur Baldvinsson 4 (61. Kristinn Ingi Halldórsson 6), Steven Lennon 6, Almarr Ormarsson 6

**FYLKIR (4-3-3):** Bjarni Þórður Halldórsson 6 - Davíð Þór Ásbjörnsson 5, Sverrir Garðarsson 6, Kjartan Ágúst Breiðdal 5, Tómas Þorsteinsson 5 - Elís Rafn Björnsson 6, Pablo Punyed 5, Árni Freyr Guðnason 4 - Heiðar Geir Júlíusson 4 (78. Andri Már Hermannsson -), Tryggvi Guðmundsson 5, Viðar Örn Kjartansson 6.

**Skot (á mark):** 6-12 (3-3) **Horn**: 7-3

**Varin skot:** Ögmundur 2 - Bjarni Þórður 2

**ÍA 1-3 VALUR**

**Norðurálsv.**
**Kristinn Jakobsson (8)**

**Mörkin:** 0-1 Haukur Páll Sigurðsson (22.), 0-2 Kristinn Freyr Sigurðsson (48.), 0-3 James Hurst (86.), 1-3 Þórður Birgisson (90.).

**ÍA (4-3-3):** Páll Gísli Jónsson 6 - Arnar Már Guðjónsson 5, Ármann Smári Björnsson 5, Kári Ársælsson 4, Jan Mikel Berg 4 - Maksims Rafalskis 3 (66., Þórður Birgisson 5), Jóhannes Karl Guðjónsson 4, Jón Vilhelm Ákason 4 - Andri Adolphsson 6, Aron Ýmir Pétursson 4 (57., Joakim Wrele 6), Garðar Bergmann Gunnlaugsson 5 (25., Eggert Kári Karlsson 4).

**VALUR (4-3-3):** Fjalar Þorgeirsson 6 - Jónas Tór Næs 6, Magnús Már Lúðvíksson 7, Matarr Jobe 6, Bjarni Ólafur Eiríksson 7 - ***Haukur Páll Sigurðsson 8**, Andri Fannar Stefánsson 6, Iain James Williamsson 7 (85., Rúnar Már Sigurjónsson -) - James Hurst 7, Kristinn Freyr Sigurðsson 7 (89., Arnar Sveinn Geirsson -) Kolbeinn Kárason 7 (88., Björgólfur Takefusa -).

**Skot (á mark):** 12-20 (2-10) **Horn**: 9-9

**Varin skot:** Páll Gísli 7 - Fjalar 1

## PEPSI DEILDIN 2013

### STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FH | 2 | 2 | 0 | 0 | 5-1 | 6 |
| ÍBV | 2 | 2 | 0 | 0 | 5-1 | 6 |
| Valur | 2 | 2 | 0 | 0 | 5-2 | 6 |
| KR | 2 | 2 | 0 | 0 | 4-1 | 6 |
| Fram | 2 | 1 | 1 | 0 | 3-2 | 4 |
| Breiðablik | 2 | 1 | 0 | 1 | 5-5 | 3 |
| Stjarnan | 2 | 1 | 0 | 1 | 4-4 | 3 |
| Fylkir | 2 | 0 | 1 | 1 | 2-3 | 1 |
| Víkingur Ó. | 2 | 0 | 0 | 2 | 3-5 | 0 |
| ÍA | 2 | 0 | 0 | 2 | 1-4 | 0 |
| Keflavík | 2 | 0 | 0 | 2 | 1-4 | 0 |
| Þór | 2 | 0 | 0 | 2 | 1-7 | 0 |

### NÆSTU LEIKIR

**Fimmtudagur 16. mai**: 18.00 KR - Þór, 19.15 Valur - Fram, Breiðablik - ÍA, Víkingur Ó. - Keflavík, Fylkir - Stjarnan. 20.00: FH - ÍBV.

visir.is
Allt um leiki gærkvöldsins

# Tek eitt skref í einu

**Íslandsmeistarar Þór/KA verða án Söndru Maríu Jessen þegar bikarmeistarar Stjörnunnar kíkja í heimsókn norður yfir heiðar í Pepsi-deild kvenna í kvöld. Markadrottningin er öll að koma til eftir hnémeiðsli sem hún varð fyrir í apríl.**

**FÓTBOLTI** „Ég get ekki sagt fyrir víst hvenær ég get byrjað að spila. Það fer auðvitað eftir því hvernig gengur. En miðað við þróunina hingað til þá reikna ég með að geta spilað eftir tvær til þrjár umferðir,“ segir Sandra María. Akureyringurinn átján ára fer í mælingu á hné í dag þar sem hún á að fá spelku sem á að hjálpa henni í bataferlinu.

Sandra María fór utan í þrjár æfingaferðir með landsliðum Íslands og Þór/KA á rúmum mánuði. Í þeirri síðustu með U19 ára landsliðinu á La Manga á Spáni meiddist landsliðskonan. Meistararnir voru því án hennar í síðustu leikjunum á undirbúningstímabilinu og í fyrstu umferð Íslandsmótsins. Þar náði Þór/KA aðeins 1-1 jafntefli gegn FH.



**ÚRVALSÁRGANGUR** Sandra María er fædd árið 1995, en Ísland á marga stórefnilega leikmenn úr árganginum í bæði karla- og kvennaflokki.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Stefna á toppinn

„Þetta var ekki byrjunin sem við vonuðumst eftir en það er fínt að fá alvöru leik til að rífa okkur upp,“ segir Sandra. Liðsfélagar hennar mæta Stjörnustelpum á Þórsvelli í kvöld í einvígi Íslandsmeistara gegn bikarmeisturum.

„Leikurinn gegn FH var bara lélegur. Það er ekki svona sem við ætlum að spila í sumar,“ segir Sandra sem skoraði átján mörk í jafnmörgum leikjum á Íslandsmótinu í fyrra.

„Það er ekkert leyndarmál að við stefnum á toppinn,“ segir Sandra María um markmið sumarsins. Liðið varð meistari nokkuð óvænt í fyrra en byrjaði einmitt mótið á að leggja Stjörnuna norðan heiða í fyrsta leik tímabilsins. Sá leikur gaf tóninn fyrir eftirminnilegt sumar.

Í Kópavogi tekur Breiðablik á móti Valskonum en bæði lið unnu góða sigra í 1. umferð. Breiðablik vann dramatískan 4-3 sigur á nýliðum HK/Víkings í Fossvogi en Valur leiddi Aftureldingu til slátrunar 7-0.

### Stefna Vals til fyrirmyndar

„Bæði lið eru afar sterk og með góða einstaklinga. Ég held samt að Valur eigi eftir að koma á óvart í sumar og líkurnar á sigri þeirra eru meiri,“ segir Sandra, sem spáir þó jafntefli í stórleiknum í Kópavogi. Henni finnst stefna Vals í meistaraflokki félagsins undanfarin ár til fyrirmyndar.

„Þær hafa unnið vel með ungu leikmennina sína undanfarin ár. Það er eitthvað sem mörg lið á Íslandi hafa ekki gert nóg af, að leyfa þessum ungu að spila,“ segir Sandra. Hún bendir á að meðalaldur liðsins sé ekki hár enda eru nokkrir leikmenn í liðinu sem Sandra þekkir vel til úr yngri landsliðum Íslands. Ein þeirra, Elín Metta Jensen, skoraði fjögur og lagði upp tvö mörk í stórsigrinum á Aftureldingu. Fróðlegt verður að sjá hvort þjálfari Blika, Hlynur Svan Eiríksson, leggi í þriggja manna varnarlínu gegn Elínu Mettu á Kópavogsvelli í kvöld.

Leikur Breiðabliks og Vals verður í beinni útsendingu á Vísir.is.

**kolbeinntumi@365.is**

**LEIKIR KVÖLDSINS Í PEPSI-DEILD KVENNA**

- **Klukkan 18.00**
  Þór/KA - Stjarnan
  ÍBV - HK/Víkingur
- **Klukkan 19.15**
  Afturelding - Þróttur
  Breiðablik - Valur
  FH - Selfoss


UMSÓKNIR UM LISTSÝNINGU

Óskað er eftir umsóknum um sýningahald í Eiðisskeri, sýningarsal Seltirninga, fyrir tímabilið september 2013 – júní 2014.

Eiðisskerer sýningasalur Seltirninga á Eiðistorgi og staðsettur inn af Bókasafni Seltjarnarness. Salurinn er lánaður endurgjaldslaust til sýnenda.

Með umsóknum skulu fylgja myndir af verkum, ferilskrá og lýsing á fyrirhugaðri sýningu.

Frekari upplýsingar veitir Soffía Karlsdóttir sviðsstjóri menningar- og samskiptasviðs Seltjarnarness í netfanginu soffia@seltjarnarnes.is eða í síma 595-9100.

Umsóknir skulu berast fyrir 15. júní 2013.

SELTJARNARNESBÆR
Menningarsvið

ÞÝSKA STÁLIÐ

WÜRTH
1988–2013
25
ár á Íslandi



WÜRTH
wurth.is




Ford
ford.is

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Aukin þjónusta Bíldshöfða 6: Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

Ford Fiesta Trend 5 dyra, 1,0i bensín 65 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. Losun koltvísýrings $CO_2$ 99 g/km., fær frítt í stæði í Reykjavík í 90 mín. í senn.
Ford Fiesta Titanium 5 dyra, 1,6i bensín 105 hö, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,9 l/100 km. Losun koltvísýrings $CO_2$ 138 g/km. Tökum allar tegundir bíla upp í nýja.
Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

# DAGSKRÁ



## Stöð 2 kl 20.50
### Two and a Half Men

Gamanþáttaröðin Two and a Half Men er á dagskrá Stöðvar 2 í kvöld. Walden er sár og svekktur yfir því að vera kvenmannslaus á Valentínusardag og reynir að sannfæra Kate um að gefa sér annað tækifæri.

## Í KVÖLD



**Stöð 2 Bíó kl. 22.00**

**THE 41-YEAR-OLD VIRGIN WHO KNOCKED UP SARAH MARSHALL** Gamanmynd sem gerir grín að ýmsum grín- og gamanmyndum síðustu ára.

Rotten Tomatoes 17% IMDb 2,8



**POPPTÍVÍ kl. 21.55**

**SMALLVILLE** Dramatískir gamanþættir þar sem við fáum að skyggnast inn í keppnisfullan heim klappstýra og vinskap þeirra á milli.

TV.COM 8,9 IMDb 7,3

Eurovision Song Contest

**RÚV kl. 19.00**

**SÖNGVAKEPPNI EVRÓPSKRA SJÓNVARPSSTÖÐVA** Bein útsending frá fyrri forkeppninni í Malmö í Svíþjóð. Eyþór Ingi stígur á svið fyrir Íslands hönd á fimmtudaginn. Kynnir er Felix Bergsson.

## RÁS 1 — FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunglugginn **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Segðu mér **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Norðurslóð **11.00** Fréttir **11.03** Sjónmál **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Leitin **14.00** Fréttir **14.03** ...og upp hoppaði djöfullinn einn, tveir, þrír! **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Laura og Julio **15.25** Tungubrjótur **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Tríó **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Segðu mér **21.10** Hvað er málið? **21.40** Íslendingasögur **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Fimm fjórðu **23.15** Kvika **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**16.15 Leiðin til Malmö** *(1:2)*
**16.30 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.20 Teitur** *(48:52)*
**17.30 Sæfarar** *(38:52)*
**17.41 Leonardo** *(7:13)*
**18.09 Teiknum dýrin** *(11:52)*
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Fréttir**
**18.50 Veðurfréttir**
**19.00 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva** Bein útsending frá fyrri forkeppninni í Malmö í Svíþjóð. Kynnir er Felix Bergsson.
**21.05 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva** Sýnt verður skemmtiatriði sem flutt var í hléi í söngvakeppninni.
**21.15 Castle** *(6:24) (Castle)* Bandarísk þáttaröð. Höfundur sakamálasagna er fenginn til að hjálpa lögreglunni þegar morðingi hermir eftir atburðum í bókum hans.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Skylduverk** *(3:5) (Line of Duty)* Breskur sakamálamyndaflokkur um ungan lögreglumann sem ásamt starfssystur sinni er falið að rannsaka spillingu innan lögreglunnar. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.20 Spilaborg** *(3:13) (House of Cards)*
**00.10 Fréttir**
**00.20 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2

**08.05 Malcolm In The Middle** *(1:22)*
**08.30 Ellen** *(144:170)*
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** *(80:175)*
**10.15 Wonder Years** *(4:23)*
**10.40 Gilmore Girls** *(9:22)*
**11.25 Up All Night** *(15:24)*
**11.50 The Amazing Race** *(9:12)*
**12.35 Nágrannar**
**13.00 American Idol** *(1:37)*
**14.30 Sjáðu**
**15.00 Njósnaskólinn** *(10:13)*
**15.30 Victorious**
**15.55 Anna og skapsveiflurnar**
**16.25 Svampur Sveins**
**16.50 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen** *(145:170)*
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Big Bang Theory** *(3:23)*
**19.40 New Girl** *(22:24)*
**20.05 Modern Family** *(22:24)* Fjórða þáttaröðin af þessum sprenghlægilegu og sívinsælu gamanþáttum.
**20.30 How I Met Your Mother** *(22:24)* Sjöunda þáttaröðin um þau Lily, Robin, Ted, Marshall og Barney.
**20.50 Two and a Half Men** *(16:23)*
**21.15 White Collar** *(8:16)* Þriðja þáttaröðin um sjarmörinn og svikahrappinn Neil Caffrey.
**22.00 Weeds** *(5:13)*
**22.30 The Daily Show: Global Editon**
**22.55 Go On** *(15:22)*
**23.20 Kalli Berndsen - í nýju ljósi** *(8:8)*
**23.45 Grey's Anatomy** *(22:24)*
**00.30 Red Widow** *(7:8)*
**01.15 Philanthropist** *(3:8)*
**02.00 White Collar** *(8:16)*
**02.45 Somers Town**
**04.00 How I Met Your Mother** *(22:24)*
**04.25 Modern Family** *(22:24)*
**04.45 Two and a Half Men** *(16:23)*
**05.10 The Big Bang Theory** *(3:23)*
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Pepsi mörkin 2013**
**08.15 Pepsi mörkin 2013**
**17.40 Spænsku mörkin**
**18.10 Þýski handboltinn: Kiel - RN Löwen** Beint
**19.50 2013 Augusta Masters samantekt**
**20.35 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**21.05 ÍA - Valur**
**22.55 Pepsi mörkin**
**00.10 Kiel - RN Löwen**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**14.20 QPR - Newcastle**
**16.00 Fulham - Liverpool**
**17.40 Premier League Review Show 2012/13**
**18.35 Arsenal - Wigan**
**20.45 Aston Villa - Chelsea**
**22.25 Stoke - Tottenham**
**00.05 Sunnudagsmessan**
**01.20 Man. Utd - Swansea**

## POPPTÍVÍ

**17.00 Simpson-fjölskyldan** *(9:22)*
**17.25 Íslenski listinn** Söngdívan Þórunn Antonía Magnúsdóttir kynnir íslenska listann þar sem tíu vinsælustu lög vikunnar eru kynnt ásamt einu vænlegu til vinsælda. Farið verður yfir helstu tónlistarfréttir vikunnar ásamt því að rifja upp topplag listans fyrir fimm árum.
**17.50 Sjáðu**
**18.15 Pretty Little Liars** *(7:22)*
**19.00 Friends**
**19.25 Simpsons**
**19.45 Two and a Half Men** *(10:24)* Charlie kemst að því að fyrrverandi uppáhaldskærastan hans er að fara að gifta sig. Hann er staðráðinn í að sanna fyrir henni að hann sé miklu betra eiginmannsefni en unnustinn. Denise Richards fer með hlutverk fyrrverandi kærustu Charlies.
**20.05 Crusoe** *(5:13)*
**20.50 FM 95BLÖ**
**21.10 Hellcats** *(17:22)* Dramatískir gamanþættir þar sem við fáum að skyggnast inn í keppnisfullan heim klappstýra og vinskap þeirra á milli.
**21.55 Smallville** *(21:22)* Áttunda þáttaröðin um ofurmennið Superman á unglingsárum. Clark Kent heldur áfram að berjast við ill öfl sem ógna honum og framtíð heimsins.
**22.35 Crusoe** *(5:13)*
**23.20 FM 95BLÖ**
**23.40 Hellcats** *(17:22)*
**00.20 Smallville** *(21:22)*
**01.05 Tónlistarmyndbönd**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.10 America's Funniest Home Videos**
**07.35 Everybody Loves Raymond** *(23:25)*
**07.55 Cheers** *(3:22)*
**08.20 Dr. Phil**
**09.00 Pepsi MAX tónlist**
**15.15 Being Erica** *(2:13)*
**16.00 The Ricky Gervais Show** *(3:13)*
**16.25 Family Guy** *(3:22)*
**16.50 Dynasty** *(22:22)*
**17.35 Dr. Phil**
**18.15 Parenthood** *(6:16)*
**19.05 America's Funniest Home Videos**
**19.30 Everybody Loves Raymond** *(24:25)*
**19.55 Cheers** *(4:22)*
**20.20 Design Star** *(7:10)* Skemmtilegir þættir þar sem hönnuðir fá erfið verkefni og sá sem færastur er stendur uppi sem sigurvegari.
**21.10 The Mob Doctor - NÝTT** *(1:13)* Hörkuspennandi þáttur sem fjallar um skurðlækninn Grace sem skuldar mafíuforingja greiða. Innköllun greiðans er í huga Grace nokkuð sem hún gæti aldrei framkvæmt.
**22.00 Elementary** *(19:24)* Vinsælir bandarískir þættir sem fjalla um besta einkaspæjara veraldar, sjálfan Sherlock Holmes. Honum til halds og trausts er Dr. Watson sem að þessu sinni er kona. Sögusviðið er New York borg nútímans.
**22.45 Hawaii Five-O** *(12:24)*
**23.35 CSI** *(19:22)*
**00.25 Beauty and the Beast** *(13:22)*
**01.10 Excused**
**01.35 The Mob Doctor** *(1:13)*
**02.25 Elementary** *(19:24)*
**03.10 Pepsi MAX tónlist**

## BÍÓ

**12.35 Robots**
**14.10 Mr. Woodcock**
**15.30 Tower Heist**
**17.15 Robots**
**18.45 Mr. Woodcock**
**20.15 Tower Heist**
**22.00 The 41-Year-Old Virgin Who Knocked Up Sarah Marshall**
**23.20 Adventures of Ford Fairlaine**
**01.00 The Transporter**
**02.30 The 41-Year-Old Virgin Who Knocked Up Sarah Marshall**

## krakkar

**07.00** Lalli **07.10** Refurinn Pablo **07.15** UKI **07.20** Strumparnir **07.45** Waybuloo **08.05** Svampur Sveinsson **08.30** Könnuðurinn Dóra **08.55** Áfram Diego, áfram! **09.20** Mörgæsirnar frá Madagaskar **09.40** Mörgæsirnar frá Madagaskar **10.05** Ofurhundurinn Krypto **10.25** Histeria! **10.50** Lukku láki **11.15** Kalli kanína og félagar **11.25** Ofuröndin **11.50** M.I. High **12.20** Sorry I've Got No Head **12.45** iCarly (**6/25**) **13.05** Victorious **13.25** Big Time Rush **13.45** Lalli **14.00** Refurinn Pablo **14.05** UKI **14.10** Strumparnir **14.30** Waybuloo **14.50** Svampur Sveinsson **15.10** Könnuðurinn Dóra **15.35** Áfram Diego, áfram! **16.00** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.25** Ofurhundurinn Krypto **16.50** Histeria! **17.15** Lukku láki **17.40** M.I. High **18.05** Ofuröndin **18.25** Sorry I've Got No Head **18.55** iCarly (**6/25**) **19.15** Victorious **19.40** Big Time Rush

## GULL

**20.00 Hamingjan sanna** *(3:8)*
**20.40 Veggfóður**
**21.25 Cold Feet** *(2:7)*
**22.20 Footballers Wives** *(1:9)*
**23.35 Hamingjan sanna** *(3:8)*
**00.15 Veggfóður**
**01.00 Cold Feet** *(2:7)*
**01.55 Footballers Wives** *(1:9)*
**03.10 Tónlistarmyndbönd**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.10** The Players Championship **2013** *(1:4)* **12.10** Golfing World **13.00** The Players Championship **2013** *(2:4)* **18.00** Golfing World **18.50** PGA Tour - Highlights *(19:45)* **19.45** World Golf Championship **2013** *(3:4)* **22.00** Golfing World **22.50** The Open Championship Official Film **1979 23**.45 ESPN America

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing 21.00 Græðlingur**
**21.30 Svartar tungur**

## ÚTVARP

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 100,5** Kaninn | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |


# Hágæða múrefni frá Múrbúðinni



Weber Gróf Múrblanda — Weber Milligróf múrblanda — Weber staurasteypa (stolpebeton) — Weberdur 120 (lp 14) inni & útímúr — Serpo 261 trefjamúr Fyrir múrkerfi — Weber REP 980 þéttimúr grár — Deka Acryl grunnur — Deka Latex — Maxit Steiningarlím Hvítt og grátt

MÚRBÚÐARVERÐ

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið má-fö kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið má-fö kl. 8-18 |
| **Akureyri** | Óseyri 1. | Opið má-fö kl. 8-18, laug. 10-14 |
| **Vestmannaeyjar** | Flötum 29. | Opið má-fö kl. 8-18 |

Meiri gæði — Lægra verð — MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!


Sumarís
Rjómaís með kókos, ástaraldin,
mangó og súkkulaðidropum
emmessís
Sumarís
Rjómaís með kókos, ástaraldin,
mangó og súkkulaðidropum
750 ml
Nýtt
emmessís

## SJÓNVARPSPÁTTURINN



**„Game of Thrones er geggjað. Ég er ekki byrjuð á þriðju seríu en ég er mjög spennt fyrir því að horfa á hana. Boardwalk Empire er líka í uppáhaldi og svo var ég að horfa á Walking Dead. Það byrjaði mjög vel en er orðið svolítið einhæft.“**

Sóley Kristjánsdóttir, vörumerkjastjóri Red Bull.

# Alveg tryllt í Eurovision-tístinu

Margrét Erla Maack er einna duglegust hér á landi við að tísta um Eurovison.

Sjónvarpskonan Margrét Erla Maack er einna duglegust hér á landi við að tísta á vefsíðunni Twitter um Eurovision.

„Í undankeppninni var ég alveg tryllt en ég var aðallega að nota ummæli frá mömmu minni. Hún á það til að vera svolítið beitt,“ segir Margrét Erla aðspurð, en hún hefur mjög gaman af tístinu.

Ríflega 1.100 Íslendingar sendu hátt í 7.400 tíst í fyrra undir merkinu #12stig í kringum lokakvöld Eurovision en #12stig var óopinbert merki Íslendinga sem vildu ræða Eurovision á Twitter. Merkið varð til að tilstuðlan Vodafone og í þetta sinn er stefnan sett á að bæta Íslandsmetið í tísti.

„Það var talað um að Eurovision í fyrra hefði verið þegar Íslendingar lærðu á Twitter,“ segir Margrét Erla, sem segist sjálf örugglega hafa átt um fjögur hundruð af tístunum 7.400. „Ég var bæði dugleg og mjög fyndin. Þetta er líka liður í því að ég fái kannski einhvern tímann að fara sem lýsandi á Eurovision. Þetta er allt saman hluti af stóra planinu,“ segir hún hress.

➜ Á atburðasjónvarpsrás Vodafone verður hægt að horfa á Eurovision og fylgjast með umræðunni á Twitter samtímis.

Margrét ætlar að bjóða útvöldum vinum sínum í árlegt Eurovision-búningapartí á laugardaginn. „Ég býð fólki sem ég veit að er tilbúið að mæta í búningi. Í fyrra var ég rússnesk amma sem var tannlaus og núna verð ég í rosa flottum búningi.“ - fb



**SEM RÚSSNESK AMMA** Frá Eurovision-partíinu í fyrra. Frá vinstri: Einar Baldvin Arason sem dansarinn hennar Loreen, Margrét sem rússnesk amma, Styrmir Örn Hansson, fulltrúi Ísraels, og Leifur Þór Þorvaldsson og Atli Viðar Þorsteinsson sem Vinir Sjonna.






# Ekki annað í boði en að leika yngra fólk

Kynslóðaskipti eru að verða í íslenskum stjórnmálum og yngra fólk að koma inn fyrir það eldra. Meðlimir Spaugstofunnar hafa ekki farið varhluta af þessu.

„Við erum í stjórnarmyndunarviðræðum. Við vitum ekki hvaða ráðuneyti við fáum, þannig að við bíðum bara spenntir,“ segir Örn Árnason, spurður út í Spaugstofuna og yfirvofandi stjórnarskipti.

Örn hefur að undanförnu leikið Sigmund Davíð Gunnlaugsson, formann Framsóknarflokksins, og Pálmi Gestsson leikur Bjarna Benediktsson, formann Sjálfstæðisflokksins. Mikil óvissa ríkir um önnur hlutverk, enda eru hinar raunverulegu stjórnarmyndunarviðræður enn í gangi á milli þeirra Sigmundar Davíðs og Bjarna.

„Karl Ágúst er í mjög erfiðri stöðu því hann er búinn að missa Jóhönnu [Sigurðardóttur]. Það er ljóst að kynjahlutfall Spaugstofunnar á eftir að breytast verulega,“ segir Örn.

Spaugstofan hóf göngu sína árið 1989. Þá léku þeir félagar stjórnmálamenn sem voru tuttugu til þrjátíu árum eldri en þeir og til dæmis túlkaði Pálmi, sem þá var 32 ára, þáverandi forsætisráðherra, Steingrím Hermannsson, eftirminnilega en hann var þá 61 árs gamall. Síðan þá hefur aldarfjórðungur liðið og Spaugstofumenn eru komnir vel á sextugsaldurinn en ráðherrarnir sem þeir leika eru teknir að yngjast allsvakalega.



**SPAUGSTOFAN** Stjórnarmyndunarviðræður Spaugstofunnar eru í gangi. Ljóst er að bæði Jóhanna Sigurðardóttir og Steingrímur J. Sigfússon hverfa úr stjórninni.



Spurður hvernig tilfinning það sé að leika núna fólk sem er ef til vill tuttugu árum yngra segir Örn: „Það er ekki annað í boði. Úr þessu er allt niður á við,“ segir hann og hlær dátt. „Við byrjuðum á því að leika upp fyrir okkur og nú erum við að leika niður fyrir okkur. Það segir okkur hvað Spaugstofan er búin að vera lengi starfandi.“

Örn segir allt benda til þess að Spaugstofan haldi áfram á Stöð 2 næsta haust, enda eru stjórnarmyndunarviðræður þeirra félaga þegar hafnar. „Við ætlum að hittast í fellihýsinu hans Sigga Sigurjóns í fyrramálið [í dag]. Við förum svo þaðan í fellihýsinu og hittumst í tjaldi hjá Karli Ágústi.“

freyr@frettabladid.is

## Hétu upphaflega 89 af stöðinni

Spaugstofan hóf göngu sína í Sjónvarpinu með þætti sínum 89 af stöðinni á þessum degi árið 1989. Árið eftir breyttist heiti þáttarins í 90 af stöðinni og enn síðar Enn ein stöðin. Síðan 1989 hefur þátturinn verið sýndur með hléum, yfirleitt á laugardagskvöldum, þar sem grín er gert að atburðum liðinnar viku og þá gjarnan í tengslum við stjórnmál og þjóðþekkta menn. Að baki Spaugstofunni, sem nú er sýnd á Stöð 2, standa Örn Árnason, Karl Ágúst Úlfsson, Pálmi Gestsson og Sigurður Sigurjónsson.


Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda

**Ársfundur 2013**

Ársfundur Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda verður haldinn þriðjudaginn 14. maí 2013 kl. 16:30, að Grand Hótel Sigtúni 38, Reykjavík.

**Dagskrá**

1. Fundur settur.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Gerð grein fyrir ársreikningi.
4. Tryggingafræðileg úttekt.
5. Fjárfestingarstefna sjóðsins kynnt.
6. Önnur mál.

Allir sjóðfélagar, jafnt greiðandi sem lífeyrisþegar, eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum. Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta á fundinn.

Reykjavík 23. 04. 2013

**Stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda**


# Engin fýla í nýjum morgunþætti

Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelsson stjórna nýjum morgunþætti FM957.

„Við ætlum aðallega að vera hressir,“ segir tónlistarmaðurinn Sverrir Bergmann.

Hann og félagi hans, Ólafur Þór Jóelsson úr sjónvarpsþættinum Geimtíví, stjórna nýjum morgunþætti útvarpsstöðvarinnar FM957 sem hefst klukkan 7 á föstudaginn.

„Við förum yfir málefni dagsins, verðum með liðinn „Eitís for the ladies“ og við fáum fólk í heimsókn og spjall. Þetta verður hefðbundinn morgunþáttur en með okkar stíl,“ segir Sverrir, sem kvíðir ekkert fyrir því að vakna eldsnemma á morgnana. „Ég prófaði þetta í morgun [gærmorgun]. Þetta var fínt. Það er miklu betra veður, enginn á ferðinni og svo er maður búinn fyrir hádegi. Þetta verður bara flott, held ég, nema kannski á meðan úrslitakeppnin í NBA stendur sem hæst.“

Aðspurður segir Sverrir skipta miklu máli að hafa Ólaf Þór með sér í settinu, enda hafa þeir starfað saman í áratug í Geimtíví. „Við þekkjum hvor annan vel. Við getum látið vel í okkur heyra án þess að annar hvor okkar fari í fýlu.“ - fb



**FÉLAGAR** Ólafur Þór Jóelsson og Sverrir Bergmann hafa starfað saman í áratug.

➜ Yngvi Eysteinsson hefur undanfarið staðið morgunvaktina á FM957. Hann tók á sínum tíma við af morgunþættinum Magasín. Undanfarar Magasíns voru þættirnir Villta vestrið og Svali og félagar.


Vissir þú að...
Það er bannað að mismuna börnum eftir litarhætti
Barnaheill
Save the Children á Íslandi

# ÞRIÐUDAGS TILBOÐ

DOMINO'S

# 1000 KR.

**Miðstærð af pizzu með 3 áleggstegundum að eigin vali. Ef þú sækir.**
Gildir fyrir klassískan, ítalskan og laufléttan botn.

VIÐ NOTUM EINGÖNGU 100% ÍSLENSKAN OST!




FÍTON / SÍA

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst dreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060
FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### The Sunday Times hrifið

Gagnrýnandi breska blaðsins The Sunday Times fer fögrum orðum um glæpasögu **Yrsu Sigurðardóttur,** Horfðu á mig. „Horfðu á mig er metnaðarfyllsta og dýpsta skáldsaga Yrsu Sigurðardóttur, sem hefur komið sér fyrir á eða við hátind norrænna glæpasagna," segir gagnrýnandinn. Someone to Watch Over Me, eins og bókin nefnist á ensku, kom út í Bretlandi í síðustu viku.

Blaðið The Times hefur áður fullyrt að Yrsa sé í hópi fremstu glæpasagnahöfunda Norðurlanda og Times Literary Supplement, sem er hluti af The Times, fullyrti að bækur hennar stæðust samanburð við það besta í glæpasögum samtímans hvar sem er í veröldinni.



- fb

### Sigmar og Júlíana eignuðust son

**Sigmar Guðmundsson**, ritstjóri Kastljóssins, og Júlíana Einarsdóttir, kærasta hans, eru nýbakaðir foreldrar, en þau eignuðust son um helgina. Tilkynnt var um komu drengsins í heiminn á Facebook í gær og rigndi hamingjuóskunum yfir foreldrana í kjölfarið. Litli drengurinn, sem hefur fengið nafnið Hrafn, er fyrsta barn parsins en Sigmar á börn úr fyrri samböndum.



- bþh

### Mest lesið vísir

1 Creed valin versta hljómsveit tíunda áratugarins
2 Ómerkilegur leikur þeirra sem nenna ekki að lesa bækur
3 Eins og að stökkva í tímavél
4 Linda P og Jeremy Clarkson úti á lífinu
5 „Hann er skrímsli og ég vona að hann rotni í fangelsi"




